

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 373. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 7. september 2023 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) UMF Víkingur/Reynir: fulltrúar úr stjórn mæta á fundinn til að ræða rútuferðir.
- 2) Fundargerðir 340., 341., 342. og 343. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 22. júní, 13. júlí, 19. júlí og 22. ágúst 2023.
- 3) Fundargerð 15. fundar öldungaráðs, dags. 29. ágúst 2023.
- 4) Fundargerð 144. fundar hafnarstjórnar, dags. 31. ágúst 2023.
- 5) Fundargerð stjórnar Jaðars, dags. 24. ágúst 2023.
- 6) Fundargerð 174. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 4. september 2023.
- 7) Fundargerð 15. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 5. september 2023.
- 8) Fundargerð 175. fundar stjórnar SSV, dags. 7. júní 2023.
- 9) Fundargerð 176. fundar stjórnar SSV, dags. 23. ágúst 2023.
- 10) Fundargerð 455. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 18. ágúst 2023.
- 11) Bréf frá SSV, dags. 4. september 2023, varðandi Haustþing SSV 2023.
- 12) Bréf frá öldungaráði, dags. í ágúst 2023, varðandi líkhúsið.
- 13) Bréf frá öldungaráði, dags. í ágúst 2023, varðandi skóðanakönnun um húsnæðismál eldri borgara.
- 14) Bréf frá Hollvínafélagi Pakkhússins, dags. 29. ágúst 2023, varðandi og ásamt úttekt á sýningarrými Pakkhússins og geymsluhúsnæðinu á Hellissandi.
- 15) Bréf frá Gunnari Tryggvasyni, dags. 24. ágúst 2024, varðandi ágangsfé.
- 16) Bréf frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi, dags. 25. ágúst 2023, varðandi ágang búfjár, ásamt fundargerð landbúnaðarnefndar Stykkishólms, dags. 12. júlí 2023, varðandi sama mál.
- 17) Bréf frá Stjórnarráði Íslands, dags. 5. september 2023, varðandi hvatningu til sveitarstjórna um mótun málstefnu.
- 18) Gjaldskrá leikskólagjalda ásamt útskýringum á breytingum.
- 19) Bréf frá bæjarritara, dags. 5. september 2023, varðandi vinnutímastyttingu í leikskóla Snæfellsbæjar.
- 20) Minnispointar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 5. september 2023**  
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

340. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 22. júní 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
Jón Bjarki Jónatansson í fjarveru AK  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1) Fundargerð 172. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 15. júní 2023.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) Fundargerð 219. fundar fræðslunefndar, dags. 7. júní 2023.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3) Fundargerð 218. fundar menningarnefndar, dags. 13. júní 2023, ásamt úttektarskýrslu á sýningarrými Pakkhússins í Ólafsvík og safnageymslu á Hellissandi, dags. 24. - 26. maí 2023.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4) Fundargerð 14. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 14. júní 2023.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 5) Fundargerðir 929. og 930. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 9. júní og 15. júní 2023.  
Lagt fram til kynningar.
- 6) Fundargerðir 182. og 183. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 12. júní og 14. júní 2023.  
Lagt fram til kynningar.
- 7) Skýrsla stjórnar Nývest 2022-2023.  
Lagt fram til kynningar.
- 8) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 20. júní 2023, varðandi ósk um umsögn bærarstjórnar um umsókn Línulífs ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Helluhóli 9 á Hellissandi, Snæfellsbæ.  
Umrætt hús stendur í botnlanga í íbúðagötu þar sem er skilgreint íbúðasvæði skv. aðalskipulagi. Gistiheimili á þessum stað myndi valda miklum óþægindum fyrir íbúa götunnar og því getur bæjarráð ekki heimilað slíkt þar sem viðkomandi eign er íbúðarhúsnæði en ekki atvinnuhúsnæði skv. aðalskipulagi.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að hafna fyrir sitt leyti umsókn um leyfi til reksturs gististaðar að Helluhóli 9 á Hellissandi, Snæfellsbæ.
- 9) Stytting vinnuvikunnar í leikskóla Snæfellsbæjar – vísað úr bærarstjórn.  
Bæjarráð samþykkti að fresta afgreiðslu þessa erindis til næsta fundar bæjarráðsfundar.
- 10) Tillaga að gjaldskrá leikskólagjalda – vísað úr bærarstjórn  
Bæjarráð samþykkti að fresta afgreiðslu þessa erindis til næsta bæjarráðsfundar.
- 11) Tillaga að reglum um heimgreiðslur til foreldra – vísað úr bærarstjórn.  
Bæjarráð samþykkti framlagðar reglur um heimgreiðslur samhljóða.
- 12) Bréf frá bærarritara, dags. 26. maí 2023, varðandi ósk um aukafjárveitingu vegna barnaverndarmála.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða aukafjárveitingu til barnaverndarmála.


UDO  
FS.  
2/3


13) Minnisþingar bæjarstjóra


- a) Bæjarstjóri fór yfir sorpmálin.
- b) Bæjarstjóri fór yfir tjaldstæðismálin.
- c) Bæjarstjóri fór yfir tilboð í viðgerð á þakinu á grunnskólanum á Hellissandi. Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra að ganga til samninga við tilboðasaðila.
- d) Bæjarstjóri sagði frá því að regnbogagatan í Ólafsvík hafi verið endurmáluð í vikunni.
- e) Bæjarstjóri sagði frá því að verið er að setja niður salerinsgám á Amarstapa. Hann ætti að vera tilbúinn til notkunar fyrir helgi.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:10

  
Jónína Björg Ottarsdóttir

  
Jón Bjarki Jónatansson

  
Friða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari



341. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 13. júlí 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
 Auður Kjartansdóttir  
 Friða Sveinsdóttir  
 Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
 Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Sagði hún frá því að bærarstjórinn, Kristinn Jónasson, hefði náð þeim merka áfanga þann 4. júlí s.l. að hafa setið 25 ár sem bærarstjóri í Snæfellsbæ og hefur þar með setið lengur samfelld en nokkur núverandi bærarstjóri. Óskuðu fundarmenn Kristni til hamingju með áfangann og bauð bæjarráð upp á afmælisköku. Kristinn þakkaði fyrir sig. Var að þessu loknu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1) **Fundargerð 99. fundar íþrótt- og æskulýðsnefndar, dags. 24. maí 2023.**  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) **Fundargerð 931. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélags, dags. 22. júní 2023.**  
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Minnispunktur um útboðsmál o.fl. vegna sormála.**  
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Bréf Bændasamtaka Íslands til Sambands íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélaga á Íslandi, dags. 6. júlí 2023, varðandi lausagöngu/ágang búfjár.**  
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Umsókn Agötu Szczotka, dags. 4. júlí 2023, um að fá að halda hundinn Loka.**  
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 6) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 26. júní 2023, varðandi ósk um umögn bærarstjórn um umsókn Matarlistans ehf., um leyfi til að reka veitingastað í flokki II, tegund C-veitingastofa og greiðasala, að Sandahrauni 5 á Hellissandi, Snæfellsbæ.**  
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Matarlistans ehf., um leyfi til að reka veitingastað í flokki II, tegund C-veitingastofa og greiðasala, að Sandahrauni 5 á Hellissandi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 7) **Bréf frá bærarstjóranum í Grundarfirði, dags. 29. júní 2023, varðandi skólaakstur í FSN, ásamt bréfi skólameistara FSN, dags. 19. júní 2023, varðandi sama málefni.**  
Lagt fram til kynningar.
- 8) **Bréf frá Gunnari Tryggvasyni, dags. 4. júlí 2023, varðandi ágangsfé.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bærarstjóra að hafa samband við Samband íslenskra sveitarfélaga og kanna hvort, og þá hvaða, reglur sveitarstjórn ætti að setja sér varðandi ágangsfé.  
Bærarstjóri upplýsti að það yrði fundur með framkvæmdastjórum sveitarfélaga þann 18. júlí n.k. þar sem rætt verður um næstu skref sveitarfélaganna í þessum málaflokki. Borist hefur bréf frá Bændasamtökum Íslands; sem tekið var fyrir fyrr á fundinum, þar sem kemur fram álit og túlkun þeirra á lögum og reglum um lausagöngu og ágang búfjár. Það er því ljóst að það er ágreiningur uppi um meðferð mála í þessum málaflokki. Þá barst Snæfellsbæ bréffálit í lok júní frá Innviðaráðuneytinu, þar sem meðal annars var lagt til að Samband íslenskra sveitarfélaga og Matvælaráðuneytið setji skýrar reglur varðandi þessi mál.  
Bæjarráð telur að það sé mikilvægt að vanda stjórnsýsluna og taka vel upplýstar ákvarðanir. Það er því brýnt að fá skýrar reglur og leiðbeiningar um hvert hlutverk sveitarfélagsins sé í þessum málum áður en bæjarráð getur tekið afstöðu til erindisins.

JBO  
 FS  
 AF




9) Uppsagnarbréf frá Ingu Jóhönnu Kristinsdóttur, forstöðukonu Jaðars.


Bæjarráð þakkar Ingu fyrir gott og farsælt starf á Dvalarheimilinu Jaðri og óskar henni alls hins besta í því sem hún tekur sér fyrir hendur.

10) Minnispunktar bæjarstjóra.


- a) Bæjarstjóri fór yfir það að allt er tilbúið fyrir uppsetningu á rennibrautinni við sundlauginu í Ólafsvík. Vonir standa til að hægt verði að taka hana í notkun í lok sumars.
- b) Bæjarstjóri fór yfir starfsmannamál.
- c) Bæjarstjóri sagði frá salernisaðstöðunni sem komin er upp á Arnarstapa.
- d) Bæjarstjóri sagði frá fyrirhuguðum malbiksframkvæmdum í sumar.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:28

  
Jónína Björg Ottarsdóttir

  
Auður Kjartansdóttir

  
Friða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

342. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 19. júlí 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri – í gegnum Teams  
Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að því loknu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

1) Fundargerð 173. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 17. júlí 2023.

Athugasemd kom við lið 8, þar sem líklega hefur verið röng bókun. Eftir samtal við byggingarfulltrúa þá var liður 8 samþykktur af nefndinni, enda engin þörf á grenndarkynningu fyrir innra skipulag sumarbústaða.

Varðandi 17. lið, þá samþykkti bæjarráð að fela bærarstjóra og bærarritara að finna fundartíma bærarstjórnar með umhverfis- og skipulagsnefnd.


Jafnframt var gerð athugasemd við lið 19, en skv. samtali við byggingarfulltrúa þá gleymdist að bóka samþykki nefndarinnar við byggingarleyfið fyrir rennibraut við sundlaugina í Ólafsvík.


Fundargerðin samþykkt samhljóða með framkomnum athugasemdum.

2) Minnispunktar bærarstjóra.

a) Undirbúningur malbiksframkvæmda stendur yfir.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:23**

  
Júníana Björg Óttarsdóttir

  
Auður Kjartansdóttir

  
Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bærarstjóri - rafrænt

  
Lilja Ólafardóttir, bæraritari



343. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 22. ágúst 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 09:00.

**Mættir:**

Júniana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Óskaði hún eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 14. lið bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi varðandi rekstrarleyfi, og sem 15. lið bréf frá Þorgrími Þráinssyni varðandi lóð fyrir lítið rithöfundahús. Var það samþykkt og að því loknu gengið beint til boðaðrar dagskrár.


**Dagskrá:**


- 1) **Fundargerð ungmennaráðs, dags. 8. ágúst 2023.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fresta afgreiðslu fundargerðarinnar.
- 2) **Fundargerð landbúnaðarnefndar, dags. 16. ágúst 2023.**  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3) **Fundargerð 215. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 16. maí 2023.**  
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Fundargerð 184. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 11. júlí 2023.**  
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Fundargerð 454. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 13. júní 2023.**  
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Bréf frá foreldrafélaginu Leik á Hellissandi, dags. 16. ágúst 2023, varðandi gúmmimotturnar á útisvæði leikskólans Kriubóls.**  
Bærarstjóri fór yfir málið.  
Bæjarráð þakkar fyrir bréfið, og þykir miður að það hafi ekki verið búið að laga leiksvæðið fyrir opnun leikskólans eftir sumarfrí eins og samþykkt var í bærarstjórn á síðasta ári. Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela tæknideildinni að panta gervigras og sand á leiksvæðið og fara í þessa framkvæmd sem allra fyrst.
- 7) **Bréf frá Ungmennafélaginu Víking/Reyni, ódags., varðandi rútuferðir í vetur.**  
Bæjarráð fagnar því að það standi til að fjölga íþróttageinum sem í boði verða fyrir börnin okkar í vetur. Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa umræðu um fjölgun rútuferða í fjárhagsáætlunarvinnu 2024.
- 8) **Bréf frá Erlu Gunnlaugsdóttur og Ragnheiði Víglundsdóttur, dags. 24. júlí 2023, varðandi stóla og borð í Pakkhúsinu í Ólafsvík.**  
Bæjarráð þakkar fyrir ábendinguna og samþykkt samhljóða að fela bærarstjóra að kanna málið.
- 9) **Bréf frá BP Shipping Agency Is., dags. 16. ágúst 2023, varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar að Örvari SH-777.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að falla frá forkaupsrétti að Örvari SH-777.
- 10) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 14. ágúst 2023, varðandi ósk um umsögn Snæfellsbæjar um umókn Ragnheiðar Guðmundsdóttur um leyfi til að reka gististað í flokki II, C-minna gistiheimili, að Munaðarhóli 25-27 á Hellissandi, Snæfellsbæ.**  
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Ragnheiðar Guðmundsdóttur um leyfi til að reka gististað í flokki II, C-minna gistiheimili, að Munaðarhóli 25-27 á Hellissandi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.


Handwritten signatures and initials, including "All" and "Hj".


- 11) Bréf frá SSV, dags. 14. júlí 2023, varðandi mögulega ráðningu starfsmanns fyrir Almannavarnanefnd Vesturlands.  
Lagt fram til kynningar.
- 12) Umsókn Hönnu Mettu Bjarnadóttur, dags. 8. ágúst 2023, um að fá að halda hundinn Spora.  
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 13) Bréf frá ÍSÍ, dags. 17. ágúst 2023, varðandi verkefnið Göngum í skólann.  
Lagt fram til kynningar.
- 14) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 14. ágúst 2023, varðandi ósk um umsögn Snæfellsbæjar um umsókn Adventure Hotels ehf., um breytingu á núgildandi leyfi til reksturs gististaðar úr flokki III í flokk IV, A-hótel, að Klettsbúð 9 á Hellissandi, Snæfellsbæ.  
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Adventure Hotels ehf., um breytingu á núgildandi leyfi til reksturs gististaðar úr flokki III í flokk IV, A-hótel, að Klettsbúð 9, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 15) Bréf frá Þorgrími Þráinssyni, dags. 14. ágúst 2023, varðandi fyrirspurn um lóð fyrir lítið rithöfundarhús.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa erindinu til tæknideildar Snæfellsbæjar.
- 16) Minnisþing bærarstjóra.
  - a) Bærarstjóri fór yfir sorpmálin.
  - b) Bærarstjóri fór yfir fjármálin.
  - c) Bærarstjóri sagði frá því að búð er að setja Bárðará 1 á sölu.
  - d) Bærarstjóri sagði frá því að verið er að auglýsa eftir forstöðumanni á Jaðri.
  - e) Bærarstjóri sagði frá starfsmannamálum.
  - f) Bærarstjóri sagði frá hugmyndum að Erró listaverki á vegg í Ólafsvík.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:27

  
Jónína Björg Ottarsdóttir

  
Auður Kjartansdóttir

  
Friða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri

  
Elja Ólafardóttir, bæjarritari



## Öldungaráð Snæfellsbæjar

Fundargerð no 15. fundar sem haldin var í Ráðhúsi Snæfellsbæjar  
Þriðjudaginn 29. ágúst 2023 kl 14,00.

Mætt voru Ólafur Hlynur Steingrímsson formaður, Ragnheiður Víglundsdóttir, Margrét Vigfúsdóttir, Svanhildur Pálsdóttir og Pétur Steinar Jóhannsson sem ritaði fundargerð.

Ólafur formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Mál no 1:

Neðangreint skjal sent til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar:

### Búsetumál eldri borgara í Snæfellsbæ

Öldungaráð kom saman í dag 29. ágúst og á dagskrá var meðal annars að ræða svar við bréfi bæjarstjórnar frá 19. apríl s.l. Sjá bréf frá bæjarstjórn með tilvísunarnúmer 37014.

Að okkar mati ætti, í svona skoðanakönnun, að spyrja um hvar í bæjarfélaginu ætti að staðsetja íbúðir fyrir aldraða og er til dæmis nauðsynlegt að tengja þær dvalarheimilinu eða heilsugæslunni? Hverskonar íbúðir, þ.e. fjölbýli eða einbýli. Eiga þetta að vera íbúðir til leigu eða sölu. Sjálfsagt eru fleiri atriði, sem skipta máli, en að okkar mati er fólk, sem er hæfara en við í að móta svona spurningavagn, sem gætu lagt þessu lið. Að okkar mati ætti þetta að ná til allra íbúa í bæjarfélaginu 60 ára og eldri.

Markmið svona könnunar er að auðvelda bæjarstjórn að gera langtíma áætlun varðandi þennan málaflokk til að vinna eftir, með skoðun þeirra, sem munu njóta.

Það skal áréttað að erindi þetta var upphaflega sent til bæjarstjóra eftir ábendingar frá nokkrum í þessum aldurshópi, sem fannst vanta framtíðarsýn í þessum málaflokki, kannski er hún til, en ekki verið nægilega kynnt. Önnur leið en skoðanakönnun kemur að sjálfsögðu til greina svo framarlega að þessi aldurshópur geti metið hvernig viðkomandi geti sem lengst verið á "sínu" heimili í heimabyggð.

Þetta svar er að mestu endurtekning á fyrra bréfi og betur getum við ekki gert.

Mál no 2:

Neðangreint skjal sent til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Líkhúsið í Snæfellsbæ

Nokkur umræða hefur verið á meðal eldri borgara um framtíð líkhúss bæjarfélagsins eftir að spurðist út að meirihluti bæjarstjórnar er ekki hlynntur áfram haldandi rekstri þess. Þau úr okkar aldurshópi og fleira fólk í samfélaginu, sem hefur kynnt sér málið,

og hafa tjáð sig, eru á einu máli um að það yrði mikil afturför að loka húsinu og sækja þjónustuna í önnur bæjarfélög. Með þessari umfjöllun er ekki verið að setja út á þjónustu þeirra, sem við það starfa þar. Meiri reisn er yfir og virðing við þau, sem lögð eru upp í sína hinnstu för, að svona þjónusta sé í boði hér við sómasamlegar aðstæður. Ekki er hægt að segja að þær aðstæður séu fyrir hendi í okkar húsi, eins og málum er háttað nú, þar sem að viðhaldi hússins er mjög ábótavant. Það er ekki óeðlilegt að eldri borgarar hafi áhuga á þessum málaflokki, þar eð fólki í þeim aldurshópi er yfirleitt mjög umhugað um þessi mál, enda líður þá að ferðalokum á lífsins braut.

Á fundi Öldungaráðs, sem haldin var 29. ágúst var samþykkt samhljóða eftirfarandi áskorun til bæjarstjórnar.

***Öldungaráð skorar hér með á bæjarstjórn Snæfellsbæjar að láta fara fram endurbætur á líkhúsi bæjarins, sem fyrst og gera það þannig að sómi sé að fyrir bæjarfélagið. Mögulega væri þá hægt að bjóða aðstandendum að koma í húsið og eiga þar notalega kveðjustund með sínum nánasta, við boðlegar aðstæður.***

Mál no 3:

Líkamsrækt eldri borgara.

Þær Kristfríður Stefánsdóttir og Anna Þóra Böðvarsdóttir mættu á fundinn í boði Öldungaráðs en þær starfa báðar í Krossfitstöðinni í Rífi en hún er í eigu Kristfríðar. Þær skýrðu frá því að þær hefðu rætt við Janus Guðlaugsson líkamsræktarfrömuð um samstarf við þær tvær og Snæfellsbæ. Samningur yrði þá gerður til tveggja ára og Snæfellsbær keypti þá prógrammið af Janusi en Krossfitstöðin keypti fleiri tæki inn ef með þyrfti.

Fundarmenn ræddu þá hvort ekki væri best að Kristfríður og Anna Þóra væru með þetta sjálfar. Allir fundarmenn sammála um að efla þyrfti líkamsrækt eldri borgara. Rætt var um leiðir til að fá fleiri til að taka þátt í líkamsræktinni hjá Krossfitstöðinni en almenn ánægja er með það sem þar fer fram. Ákveðið að formaður Öldungaráðs og fleiri fundarmenn upplýstu félaga í Eldri borgara félagi SNB á fyrsta fundi sem verður þann 6. september nk og hvetja fólk til að mæta. Í framhaldinu fá þær tvær á fund hjá FEB viku seinna og kynna æfingarnar frekar.

Fleira ekki bókað

Fundi slitið kl 15.00

Fundargerð ritaði Pétur Steinar Jóhannsson



144. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn fimmtudaginn 31.08. 2023, kl. 17.30 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,  
Heiðar Magnússon,  
Viktoría Kr. Guðbjartsdóttir,  
Oddur Orri Brynjarsson,  
Tinna Ýr Gunnarsdóttir,  
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

Í upphafi fundar minntist formaður, Rúnars Gunnarssonar hafnarstjórnarmanns sem lést þann 27.08. s.l. Hafnarstjórn vottar fjölskyldu Rúnars samúð sína.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 19.06. 2023, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 143. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 453 dags. 17.05., nr. 454 dags. 13.06. og nr. 455 dags. 18.08. 2023. Lagt fram til kynningar.
3. Framkvæmdir við stækkun Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík. Auglýst var eftir tilboðum í þessa framkvæmd þann 05.07. 2023, og opnun tilboða var þann 25.07. 2023. Engin tilboð bárust. Fram kom hjá hafnarstjóra að hann ásamt fulltrúum frá Vegagerðinni hafi rætt við Köfunarþjónustu Sigurðar ehf. um framkvæmd verksins. Hafnarstjórn samþykkti samhljóða að heimila hafnarstjóra að ganga til samninga við Köfunarþjónustu Sigurðar ehf. í samræmi við umræður á fundinum.
4. Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna árið 2021. Hafnarstjóri kynnti helstu atriði skýrslunnar. Lagt fram til kynningar.
5. Viðbragðsáætlanir Hafna Snæfellsbæjar fyrir árið 2023. Hafnarstjóri kynnti áætlanir fyrir Ólafsvíkurhöfn, Rifshöfn og Arnarstapahöfn, en þær eru unnar samkvæmt reglugerð nr. 1010/2012, um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda. Áætlanirnar samþykktar samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.05

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Eftir fund fór hafnarstjórn og skoðaði Trébryggjuna við Norðurtanga í Ólafsvík.

Jón Bjarki Jónatansson formaður,  
Tinna Ýr Gunnarsdóttir,  
Oddur Orri Brynjarsson,  
Viktoría Kr. Guðbjartsdóttir,  
Heiðar Magnússon,  
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Fundur verður haldinn í stjórn Dvalarheimilisins Jaðars fimmtudaginn 24.08. 2023, kl. 13.00 í húsnæði Jaðars Hjarðartúni 3a, Ólafsvík.

Dagskrá:

1. Bréf frá bæjarritara dags. 09.12. 2022. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilisins Jaðars frá 15.nóv. 2022 var tekin fyrir á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar 8. des. 2022 og var hún samþykkt.
2. Framkvæmdir við nýtt andyri. Björn segir frá stöðu málsins. Skv. upplýsingum frá forstöðumanni tæknideildar Snæfellsbæjar er búið að teikna anddyrið, panta glugga og rennihurð sem verður aðalinngangur í húsið. Reiknað er með að framkvæmdir hefjist í haust. Stjórn Dvalarheimilisins Jaðars stefnir á að verkinu verði lokið í lok árs 2023.
3. Yfirlit frá forstöðumanni um rekstur, starfsmannamál,viðhald húsnæðis o.fl. Vel gekk að manna heimilið í sumar og vel lítur út með mönnun í vetur. Forstöðumaður segir frá því að hún hættir störfum á heimilinu 1.október n.k. og þegar hefur verið auglýst eftir nýjum forstöðumanni. Forstöðumaður fer yfir það sem liggur fyrir í viðhaldi og framkvæmdum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.00

Þórunn Arnalósson.  
Högg Cudm dætt  
Slakki Gtj  
Froga þúslingadöðlin.





**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 174174. fundur Umhverfis- og  
skipulagsnefnd  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 31. ágúst 2023  
og hófst hann kl. 01:00.**

**Fundinn sátu:**

.

**Fundargerð ritaði:** , .

**Dagskrá:**

**1. Umsókn um lóð Hellisbraut 17 - 2308006**

Sébastien Jean Henri Defer sækir um lóðina Hellisbraut 17, Hellissandi.

*Umhverfis-og skipulagsnefnda samþykkir lóðarúthlutun íbúðarhúsaloðar til umsækjenda.*

*Samþykkt*

**2. Umsókn um byggingarleyfi - 2308005**

Óskað er eftir byggingarleyfi vegna breytinga á glugga í stofu sem verður fjarlægður, gluggagatið síkkað og komið fyrir svalarhurð. Einnig verður byggður pallur við húsið.

*Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að yfirlitsmynd og útlitsteikningu verði skilað inn til byggingarfulltrúa áður en framkvæmdir hefjast.*

*Samþykkt*

**3. Dyngjubúð 1 - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Flokkur 2, -  
2308004**

Einar Ingason óskar eftir byggingarleyfi vegna breytinga á Dyngjubúð 1, Hellissandi. Skipt verður um utanhússklæðningu ásamt því að skipta um glugga í húsinu samkvæmt meðf. teikningum.

*Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

**4. Ólafsbraut 58, Umsókn um byggingarleyfi - 2308003**

Óskað er eftir byggingarleyfi vegna breytinga á ytra byrði hússins. Núverandi klæðning verður fjarlægð og húsið klætt með bárujárni. Einnig verður skipt um glugga í húsinu og ný svalarhurð sett suð-austurhlið hússins samkvæmt meðf. teikningum.

*Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að endanlegum gögnum verði skilað inn til byggingarfulltrúa.*

*Samþykkt*



**5. DSK\_Nýtt deiliskipulag fyrir Stóra-Kamb í Breiðuvík - 2307010**

Eigendur Stóra Kamb óska eftir að gera breytingar á deiliskipulaginu með því að færa tvo byggingarreiti sem eru ætlaðir undir smáhýsi.

*Umhverfis-og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar.*

*Samþykkt*

**6. Frágangur sorpsvæða á fristundasvæðum - 2309001**

Ágúst Hlynur Guðmundsson hefur sent Umhverfis-og skipulagsnefnd erindi þar sem gerðar eru athugasemdir við frágang á svæðum í kringum sorptunnur á Hellnum og Arnarstapa.

*Umhverfis og skipulagsnefnd þakkar Ágústi erindið. Umhverfis og skipulagsnefnd telur nauðsynlegt að brugðist verði við ábendingum um dapurt ástand á sorpsvæðum í fristundabyggðum eins og á Arnastapa og Hellnum. Umhverfis og skipulagsnefnd leggur til að tæknideild verði falið að koma með tillögur að góðri framtíðar staðsetningu, útfærslu og ásýnd svæðanna. Nefndin telur mikilvægt að tillögur og kostnaðaráætlun liggi fyrir áður en kemur að gerð fjárhagsáætlunar næsta árs. Umhverfis-og skipulagsnefnd leggur til strax verði komið fyrir tveimur "mídi" gámum á Arnarstapa og einum á Hellnum sem bráðabirgðarlausn.*

*Í vinnslu*

**7. Háarif 6\_Umsókn um byggingarleyfi - 2102010**

Óskað er eftir byggingarleyfi vegna breytinga á dæluhúsi í getsahús samkvæmt meðfylgjandi aðaluppdrætti.

*Hildigunnur vísar af fundi.*

*Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Hildigunnur kemur inn á fundinn.*

**8. Lóðamál í Snæfellsbæ - 2309003**

Lagðar eru fram tillögur að breytingum á lóðum í þéttbýli með það að markmiði að fjölga lóðum.

*Erindi hefur borist frá einstaklingi sem hefur áhuga á að byggja einbýli við Keflavíkurvörina á Hellissandi. Umhverfis-og skipulagsnefnd bendir á að svæðið er ekki skilgreint sem íbúðarsvæði í aðalskipulagi og ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið og því ekki hægt að verða við erindinu.*

*Hafnað*

**9. Umsókn um heimild til að rífa þakplötur af útihúsum á Öxl - 2309004**

Eigandi jarðarinnar Axlar óskar eftir heimild til að fjarlægja þök af útihúsum, sem áður voru notuð sem fjárhús og hlaða, þar sem að þær eru orðnar ónýtar og geta valdið foktjóni. Til stendur að fara í endurbætur á húsunum næsta sumar.





*Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

**10. Túnbrekka 2 - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Flokkur 1, -  
2309005**

Eigendur Túnbrekku 2 óska eftir heimild til þess að gera innkeyrslu frá Klifbrekku að neðri hæð hússins vegna fyrirhugaðra framkvæmda við bílskýli samkvæmt meðf. tillögu.

*Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir að gerð verði innkeyrsla að neðri hæð hússins frá Klifbrekku.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .**

**15. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 5. september 2023 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 08:59.**

Mætt: Kristinn Jónasson, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson, Ævar Sveinsson, Baldvin Leifur Ívarsson, Björn Arnaldsson og Ragnar Mar Ragnarsson. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

Kristinn sagði gaman að segja frá því hversu mikið sé búið að vera um að vera í sumar, þó enn sé margt eftir. Nú sé í forgangi að ljúka við þau verkefni sem eru enn í gangi áður en farið er í að byrja á nýjum.

**1) Matthías fór yfir framkvæmdir við íþróttamannvirki og í tæknideild:**

**Sundlaug**

- a) Í sumar var byrjað á að smíða undirstöður fyrir rennibraut og lauk því 26. júní. Þá var farið í að klára að tengja allar vatnslagnir fyrir rennibraut á útisvæði. Lögð var lögn fyrir rennibrautina og ný lögn fyrir orm í vaðlaug sem á eftir að klára að tengja. Einnig var lögð lögn fyrir útisturtu við sánaklefa í leiðinni en ekki búið að klára að setja upp sturtuna og tengja hana. Farið var í jarðvegsvinnu til að slétta svæðið undir stétt í kringum rennibraut. Sett voru rafmagnsrör fyrir lýsingu á svæðinu og öryggismyndavélar. Einnig voru sett snjóbræðslurör.
- b) Þá var platan steipt þann 11. júlí. Næsta sumar er áætlað að setja gúmmíyfirborð (tartan) yfir svæðið í kringum rennibrautina.
- c) Föstudaginn 28. júlí var byrjað að setja saman rennibrautina sjálfa og gekk það verk vonum framár. Lauk því verki þann 14. ágúst.
- d) Undanfarnir dagar hafa farið í að undirbúa lagnir í kjallara fyrir rennibrautina.
- e) Lítilsháttar lagfæringar voru gerðar á litlu rennibrautinni og var hún opnuð aftur í lok ágúst.
- f) Verið er að setja upp innrauða (e: infrared) klefa í sundlaugarsal og verða þeir vonandi komnir í gagnið í lok september.
- g) Skipt var um vatn í potti B og hann þrífinn.

**Völlur**

- h) Þakkantur málaður á vallarhúsi.
- i) Skipt um nokkur sæti í stúku.
- j) Stúkan endurmáluð og brotnum sætum skipt út fyrir ný.

MPC      JH      BA.      N  
ONR      TK      Vi      H



- k) Almenn viðhald á velli og stendur til að þeir hjá Metatron komi í september, djúphreinsi völlinn og lagi skemmdir á honum (sem eru mögulega eftir flugelda).
- l) Viðgerð á þremur ljósum í ljósamöstrum en í ágúst komu menn frá umboðsaðila að gera við þau. Ekki var hægt að laga ljósin en ný ljós verða send og koma þau vonandi í næstu viku.

### Íþróttahús

- m) Litið var um framkvæmdir í íþróttarhúsi í sumar fyrir utan smávægilegar viðgerðir.
- n) Það stendur til að fara að laga útiljósín á næstu dögum.
- o) Huga þarf að því að skipta um dúk á þaki næsta sumar þar sem hann er orðin lélegur og krossviður undir dúk er orðin vatnssósa á smá kafla.

### Tölvumál

- p) Lagður var ljósleiðari frá Helluhóli að Félagsmiðstöð við Klettabúð (Líkn)
- q) Tölva á Jaðri löguð
- r) Sett var upp innskráninga kerfi fyrir Lýsulaugar í sumar
- s) Fjórar tölvur uppfærðar í grunnskólanum ásamt fleiri lagfæringum.

### Tæknideild

- t) GPS mælingar á lögnum og lóðamörkum

## 2) Björn fór yfir framkvæmdir á vegum hafnarinnar:

- a) Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Allri steypu og lagnavinnu er lokið, búið er að setja upp 3 stk. ljósamöstur og verið er að vinna við rafmagnsbúnað inni í nýju masturshúsi. Verið er að undirbúa að setja ljós í bryggjustiga, lýsingu og búnað á bryggjuna varðandi öryggismál, en bráðabirgðalýsing hefur verið sett upp.
- b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram, verið er að vinna við framkvæmdir utan húss.
- c) Vinna við dýpkunarframkvæmdir í innsiglingunni til Rifshafnar er stopp eins og áður hefur komið fram. Verið er að ræða við Vegagerðina og verktakann um framhaldið.
- d) Framkvæmdir við stækkun og hækkun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík voru boðnar út þann 05.07. s.l. og tilboð voru opnuð þann 25.07. s.l. og bárust engin tilboð. Í framhaldinu var rætt við Köfunarþjónustu Sigurðar ehf. um framkvæmd verksins og nú liggja fyrir drög að verksamningi.

Mpa  
L. V. V. E.  
B. A.  
K. R.  
S. P.  
S.

- e) Framkvæmdum við sjóvörn við Ólafsbraut er að mestu lokið, eftir er að lengja ræsi við Hvalsá og ræða grjóti á því svæði. Þá er lokafrágangur innan við garðinn eftir.
- f) Framkvæmdum við sjóvörn við Ennisbraut er lokið.
- g) Á næstu dögum hefjast framkvæmdir við sjóvörn á Hellnum ásamt vinnu við lokafrágang í grjótnámu.
- h) Búið er að setja upp nýtt ljósamastur ásamt lýsingu á Nordurgarðinum í Ólafsvík.
- i) Malbiksframkvæmdum er lokið hjá hafnarsjóði, malbikað var á öllum hafnarsvæðum en um var að ræða nýlagnir, yfirlagnir og viðgerðir.
- j) Merkingum á götum og bilastæðum á hafnarsvæðum Rifshafnar og Ólafsvíkurhafnar er að mestu lokið. Eftir er að merkja nýtt bilastæði á hafnarsvæði Rifshafnar og bilastæði við höfnina á Arnarstapa. Bilastæðið við Bárð Snæfellsás verður merkt í leiðinni.
- k) Verið er að undirbúa að steypa kantsteina á bilastæði fyrir ofan höfnina á Arnarstapa og á nýju bilastæði við Rifshöfn.
- l) Verið er að vinna að uppsetningu á götulýsingu á hafnarsvæði Ólafsvíkurhafnar við Nordurtanga, frá bryggju að hafnarvog.
- m) Í sumar var m.a. unnið við að snyrta öll hafnarsvæðin og var lögð áhersla á að mála hafnarmannvirki, bryggjupolla, masturshús, innsiglingavita og löndunarkrana.

### **3) Vagn fór yfir framkvæmir í skólamannvirkjum:**

#### **Grunnskólinn á Hellissandi**

- a) Áframhald gluggaísetninga í Grunnskóla Hellisands hófst mánudaginn 17 júlí. Það voru þrír starfsmenn Gluggahallarinnar í Borgarnesi sem mættu í það verk og hófust handa við að klára gluggaísetningar sem þeir byrjuðu á í október 2022. Byrjað var á að klára neðri hæðina og gekk verkið vel, allir gluggar voru komnir í á fimmtudagskvöldið 20. júní en lokafrágangur var gerður laugardaginn 22. júní. Í gluggasendinguni sem kom vantaði 5 minni glugga í neðri hæð og svo kom í ljós að einn gluggakarmur á stórum glugga var brotinn þannig að það á enn eftir að skipta um 6 glugga á neðri hæð. Er eitthvað vitað um hvenær þeir eru væntanlegir? Ragnar taldi líklegt að þeir væru að koma í september, svo þá þyrfti að ljúka þeirri ísetningu sem fyrst.
- b) Til stendur að gera breytingu á litlum glugga á eftir hæð, í bókasafninu, þannig að þar verði hægt að komast út á þak.
- c) Þegar komið var að ísetningu á gluggum efri hæðar voru Gluggahallarmenn ekki alveg tilbúnir í það þó um það hafi verið samið í fyrstu. Að mínu mati var þetta vel gert hjá

MPC Orca  
 AR  
 SLS Vi KS



- Þessum gluggaísetningarmönnum og snyrtilegt. Vinnan mín varðandi þetta fólst í niðurrifi á öllum gardinum og uppsetningu að gluggaskiptum loknum. Ég gat á endanum fengið Steina Finna og hans menn til að skipta um glugga á efri hæð. Það þurfti að rífa allar timburadfellur úr öllum gluggunum og tóku þeir að sér að smíða þær, grunna og mála. Virkilega snyrtilegur frágangur hjá þeim.
- d) Nauðsynlegt var í kjölfar þess að skipta um glugga efri hæðar að skipta út þeim varmadælum sem kynda salinn og fór Böddi í það verk enda þær dælur sem fyrir voru orðnar lélegar og ekki þótti annað hægt en að skipta þeim út.
  - e) Settar hafa verið upp góðar rústfríar festingar fyrir sorpgáma við skólann.
  - f) Lækkun þrýstings á hitunarkerfi skólans uppgötvaðist undir skólalok og þá kom í ljós að leki hefur verið á ofnalögn í vegg á austurhlíð og við það misstum við hita á þeim helming skólans og allt heitt vatn í krönum. Pantaður var 300 lítra hitakútur sem Sigurjón Bjarnason setti upp og tengdi. Þetta tryggir okkur heitt vatn ef svona endurtekur sig.
  - g) Hjörtur Guðmundsson fór í það að leggja rústfría utanálíggjandi ofnalögn með allri austurhlíðinni og suðurhlíðinni og auk þess voru settir tveir nýjir ofnar í endastofu á þeirri lögn. Ég fór í það áður en þessar framkvæmdir hófust að taka allt herbergið í gegn sem geymir lagnabúnað og sem notað hefur verið sem geymsla, enda ekki vanþörf á.
  - h) Ég hélt áfram þeirri vinnu að bolla niður austurhlíð á neðri þakkanti þegar ljóst var að ætti ekki að setja valmapak á skólann þannig að nú hef ég bollað niður allar úthliðar og neðri þakkant.
  - i) Múrvinna hélt áfram í byrjun ágúst og er hún nú búin.
  - j) Leitað var eftir tilboði hjá tveimur málarameisturum í málningarvinnu og tilboði frá Kristjáni Sævarssyni var tekið. Tilboðið miðaðist við að veggir yrðu sílanbornir, oliugrunnaðir og tvær umferðir af steinvara 2000. Þetta eru góð efni og hef fulla trú á að þetta muni skila okkur góðum árangri. Kristján er byrjaður í málningarvinnunni og vinnur það eftir vedri. Vonir standa til að þeirri vinnu ljúki í september.
  - k) Vinnan mín fólst í niðurrifi á öllum gardinum og uppsetningu að gluggaskiptum loknum, einnig í sparslvinnu eftir gamla lagnastúta og ofnafestingar.
  - l) Upphengjur fyrir þunga hátalara í sal voru óviðunandi öruggar og ég ásamt Herði ( nýr smíðakennari ) settum upp öflugar festingar.
  - m) Búið er að tala við Viðar Hafsteins um að kjarnabora undir þakkantinn fyrir loftræstingu. Lofar hann því að þetta verði gert í þessari viku.

MFA Orca  
TK  
BLS VI  
OH  
H

## **Þak Grunnskólans á Hellissandi**

- n) Miklar og langar vangaveltur voru um hvaða lagfæringar ætti að gera á þaki Grunnskólans á Hellissandi eftir lekavandamál til mjög margra ára. Á ákveðnum tímapunkti voru tvær tillögur skoðaðar, annarsvegar að setja valmaþak á húsið eða hinsvegar að dúkleggja þakið aftur. Loks var ákvörðun tekin og hún var sú að lagfæra þakið eins og það er.
- o) Á vormánuðum kom Hjörtur Sveinn Grétarsson og sýður niður 4 m<sup>2</sup> dúk yfir þetta vandræðasvæði að mér viðstöddum og skoðuðum við þakið svona lauslega. Sýndi ég honum sigpolla sem vatn safnast í og niðurföll taka ekki. Hann taldi þá að viðgerðir á timburvirki þaksins væru nauðsynlegar við þessa stuttu skoðun. Það er augljóst að á neðra þaki yfir salemum barna hefur á sínum tíma verið framkvæmd viðgerð, í því formi að krossviður var settur yfir súðina og svo pappi yfir það. Ég verð að efast um þá framkvæmd því krossviðurinn hefði varla verið settur yfir súðina ef hún væri í góðu lagi. Vagni finnst að skoðun sé ekki næg á þakinu.

## **Grunnskólinn í Ólafsvík**

- p) Gluggar voru settir í í nýrri helming skólans bæði á norðurhlíð og vesturhlíð. Verkið var unnið af Jóni Tryggvasoni og mönnum frá Steina Finna, góður frágangur hjá þeim. Enn eftir að setja í einn glugga.
- q) Eftir skólalok fór ég í það að rífa niður flekahurð sem var löngu komin á tíma. Þetta voru töluverð rif en gekk þó vel. Að lokum voru ófá göt spörsluð og stofan máluð.
- r) Flekahurð sett upp milli stofu 6 og 7 í vesturhluta skólans, verkið var unnið af Svenna smið í Grundarfirði, góður frágangur og góð hurð.
- s) Gangur efri hæðar gamla skólans málaður.
- t) Rennihurð innbyggð í vegg milli tveggja stofa gamla skóla lokað með plötuklæðningu en hurðin er enn inni í klæðninguni þannig að hægt er að ganga til baka með þetta þegar þess þarf.
- u) Malbik lagt niður brekku að eldhúsi sem tengist hellulögn að sunnanverðu og tengist malbiki sem fyrir var að norðanverðu. Þörf og snyrtileg framkvæmd.
- v) Gömlum ónýtum útiljósum skipt út fyrir ný led ljós undir þakkanti við andyri barna.
- w) Hálkuborðar settir á allar tröppur innandyra.
- x) Allar skólalóðir, rúturein og bílaplön beggja skóla voru málaðar.

MYPG  
Einar  
BKH  
Jón  
Sv  
TR  
vi  
AS



- y) Til stendur að laga loftræstingu á efri hæð grunnskólans í Ólafsvík. Búið er að prófa kerfisloftaviftur sem virðist virka mjög vel til að hreyfa loftið. 5 viftur ættu að duga til að leysa þetta vandamál á öruggan og ódýran hátt.
- z) Búið er að taka niður leiktæki á skólalóðinni í Ólafsvík. Það leiktæki var ónýtt. Búið er að skoða mottur til að setja undir leiktækin og fá tilboð í þær. Unnið er að þeim málum.

**4) Leifur fór yfir ýmsar framkvæmdir:**

- a) Tónlistarskólinn á Hellissandi var málaður að utan og innan að hluta.
- b) Leikskólarnir bæði á Hellissandi og í Ólafsvík voru málaðir að utan. Þar á eftir að skipta út þakrennum.
- c) Málaðar voru þrjár íbúðir á Jaðri.
- d) Máluð var íbúð í Fossabrekku og löguð til fyrir útleigu.
- e) Langt komið að mála íbúð í Engihlíð 18, 1hh. Hún fer að verða tilbúin í útleigu.
- f) Vatnstjón varð í Engihlíð 20, íbúð á neðstu hæð. Þar er búið að skipta um gólfefni, en verið er að bíða eftir að veggir þorni til að hægt sé að ljúka viðgerð.
- g) Ýmis verkefni voru unnin í samvinnu við Áhaldahúsið og almenna sumarvinnu.
- h) Skipt var um glugga í leikskólanum á Hellissandi í sumar.

**5) Ragnar fór yfir ýmsar framkvæmdir:**

- a) Frá síðasta fundi framkvæmdarteymisins hafa verið haldnir þrjú fundir í umhverfis- og skipulagsnefnd þar sem hátt í 40 mál voru á dagskrá.
- b) Vinnuhópur um fyrirmyndastíga á Snæfellsnesi hefur unnið að frágangi verkefnisins í sumar og stefnir á að afhenda verkefnið í haust.
- c) Ýmis skipulagsmál hafa verið í gangi sumar
- d) Yfirferð teikninga, skráning fasteigna, stofnun lóða og úttektir voru meðal verkefna Tæknideildar. Auk þess að sinna ýmiskonar fyrirspurnum sem berast daglega.

**Ýmsar framkvæmdir hafa verið í gangi í sumar eins og:**

- e) Gluggaskipti, múrviðgerðir og málun á grunnskólanum Hellissandi
- f) Gluggaskipti í grunnskólanum Ólafsvík
- g) Rennibraut við sundlaugina í Ólafsvík
- h) Endurnýjun á þaki á Gufuskálum o.fl.

**Það sem er framundan:**

- i) Klára vinnu við kortagrunn á heimasíðu fyrir lausar lóðir

MYPF Orca  
TR  
Bla Vi

- j) Ljúka vinnu við fundarkerfi One system þannig að nefndarmenn Umhverfis-og skipulagsnefndar hafi aðgang að gögnum nefndarinnar í gegnum kerfið.
- k) Gera ástandsskoðun á fasteignum bæjarins

**6) Ævar fór yfir framkvæmdir á vegum Áhaldahússins:**


- a) Sumarvinnan og vinnuskólinn gekk vel í sumar. Krakkarnir stóðu sig með stakri þrýði.
- b) Sumarið er mikill framkvæmdatími og Áhaldahúsið kemur að þeim flestum, ásamt því að vera í frágangi á eftir.
- c) Farið var í lagfæringar á leiksvæðum leikskólanna í sumarfríi barnanna. Læktæki löguð og fyllt á sandkassana.
- d) Ólafsbraut 23 er langt komin. Rafmagnið nánast tilbúið og byrjað er að sparsla.
- e) Bilanir komu upp í dreifikerfi vatnsveitunnar sem þurfti að laga.
- f) Viðgerðir voru á vatnsveitunni á Arnarstapa.
- g) Leikvellirnir í sveitarfélaginu voru lagfærðir.
- h) Mikill tími fór í að hreinsa rusl og halda sveitarfélaginu snyrtilegu, enda mikil umferð um svæðið.
- i) Skipt var um brunnlok og niðurfallsristar í þeim götum sem voru malbikaðar í sumar.
- j) Götur, gangbrautir og bílastæði voru merktar.



**7) Kristinn fór yfir nokkra punkta:**

- a) Eins og komið hefur fram voru malbiksframkvæmdir í sumar. Malbikað var á 17 stöðum og yfir 20þúsund fermetrar. Malbikaðar voru 4 götur á Hellissandi, 10 götur, bílastæði og fleira í Ólafsvík og á tveimur stöðum á Arnarstapa, auk þess við tjaldstæðið á Hellissandi.
- b) Kristinn sagðist vera mjög ánægður með sitt fólk og eins og kemur fram í fundargerðinni hér fyrir ofan, þá hefur margt verið gert. Vildi hann þakka fyrir þessa vinnu og það sem vel er gert. Ýmsir erfíðleikar hafa komið upp og þá reynt meira á aðra á meðan.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 3. október kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:04

  
~~Guðni Thórhallsson~~  
Vagn Ingólfsson  
~~Arnarstapa~~

  
Baldur Þorsteinsson  
Orca Leinna  
Matthias Póll Gunnarsson  




## 175 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 7 júní kl.10.00 í Borgarnesi.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Líf Lárusdóttir, Ragnar Sæmundsson, Elín Gunnarsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Jakob B. Jakobsson, Júníana Óttarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen. Garðar Svanson mætti í forföllum Jósefs Kjartanssonar og Ingibjörg Steinudóttir í forföllum Eyjólfssonar. Þá boðaði Guðný Elíasdóttir forföll en varamaður hennar hafði ekki tæk á að mæta. Pálmi Sævarsson sat fundinn undir lið 7. Þá sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.10.00

### 1. Fundargerð 174 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 174 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

### 2. Almenningsamgöngur

Framkvæmdastjóri kynnti styrkveitingu Byggðastofnunar til SSV úr verkefninu Almenningsamgöngur um allt land. SSV fékk styrk að upphæð 12,8 m.kr. til þess að byggja upp almenningsamgöngur á milli Búðardals og Borgarness, en sérstaklega er horft til þess að aksturinn nýtist framhaldsskólanemum.

### 3. Fræðsluferð fyrir sveitarstjórnarfólk af Vesturlandi

Lagt fram minnisblað vegna fyrirhugaðrar fræðsluferðar dagana 28 ágúst til 1 september fyrir sveitarstjórnarfólk á Vesturlandi.

### 4. Almannaþing á Vesturlandi

Lagt fram minnisblað um samstarf um ráðningu starfsmanns fyrir almannaþingarnefnd Vesturlands. Jafnframt eru lögð fram drög að samningi um verkefnið. Stjórn ræddi verkefnið og samningsdrögin og samþykkti að vísa því til umræðu hjá sveitarfélögum á Vesturlandi.

### 5. Efling kornræktar á Vesturlandi

Landbúnaðarháskóli Íslands lét nýverið kynna skýrslu um kornrækt á Íslandi. Þar kemur fram að tækifæri til þess að efla kornrækt á Vesturlandi séu mikil. Stjórn SSV fagnaði framkominn skýrslu og lýsti áhuga á aðkomu SSV að vinnu við þetta verkefni. Jafnframt beinir stjórn SSV því til stjórnvalda að hraða uppbyggingu jarðræktarmiðstöðvar við Landbúnaðarháskóla Íslands, en hún er ein af forsendum þess að hægt sé að efla kornrækt og aðra jarðrækt hérlandis.

### 6. Verðmætasköpun á sauðfjárræktarsvæðum

Lagt fram minnisblað um verkefnið „Verðmætasköpun á sauðfjárræktarsvæðum“. Stjórn lýsir yfir ánægju sinni með verkefnið og hefur væntingar til þess að það muni stuðla að verðmæta- og nýsköpun í Dalabyggð og á öðrum sauðfjárræktarsvæðum.



## **7. Samgöngumál**

Á fundinn mætti Pálmi Þór Sævarsson svæðisstjóri Vegagerðarinnar á Vesturlandi og Vestfjörðum og kynnti helstu verkefni sem unnið er að og eru í farvatninu. Rætt var um nýframkvæmdir og viðhald vega. Undir umræðu um viðhald vega samþykkti stjórn eftirfarandi bókun.

„Stjórn SSV skorar á yfirvöld samgöngumála að veita nú þegar fjármunum til þess að fara í viðhaldsverkefni við Snæfellsnessveg nr. 54. Viðhald á veginum, sérstaklega á kaflanum á milli Brúarhrauns og Dalsmynnis, þolir enga bið. Stjórn SSV tekur því undir áhyggjur Vegagerðarinnar um að ef ekki verður farið í endurbætur fljótlega þurfi að ráðast í aðgerðir eins og að draga úr umferðarhraða til þess að tryggja umferðaröryggi á veginum“.

Þá ræddi stjórn undirbúning Sundabrautar og beinir því til Sambands íslenskra sveitarfélaga að tryggja að Vesturland eigi fulltrúa í vinnuhópi um Sundabraut. Því leggur stjórn til að Haraldur Benediktsson bæjarstjóri á Akranesi verði skipaður fulltrúi í vinnuhópnum í stað Sævars Freys Þráinssonar sem nýverið lét af störfum bæjarstjóra á Akranes.

## **8. Forvarnir gegn ofbeldi**

Lagt fram til kynningar erindi frá lögreglustjóranum á Vesturlandi um samstarf við sveitarfélögin á Vesturlandi varðandi verkefnið forvarnir gegn ofbeldi. Stjórn SSV samþykkir að skipa Sólveigu Sigurðardóttur deildarstjóra hjá Akraneskaupstað í framkvæmdaráð verkefnisins á Vesturlandi. Jafnframt hvetur stjórn sveitarfélögin á Vesturlandi að skipa tengiliðið við verkefnið.

## **9. Aðalfundur Nývest**

Lögð fram ársskýrsla Nývest en aðalfundur fór fram 6 júní s.l. Rætt var um hvernig farið verði með það fjármagn sem Byggðastofnun veitti í gegnum byggðaáætlun til undirbúnings og stofnunar NýVest, en um 4,4 m.kr. voru ónotaðar þegar undirbúningi lauk. Stjórn samþykkti að þessir fjármunir myndu renna til starfsemi NýVest.

## **10. Haustþing SSV 2023**

Rætt um staðsetningu og þema fyrir Haustþing SSV 2023. Stjórn samþykkti að þingið fari fram í Hvalfjarðarsveit og þema þess verði menntamál.

## **11. Fundaplan fyrir stjórn SSV**

Lögð fram tillaga að fundaplani fyrir stjórn SSV fram að aðalfundi 2024. Stjórn samþykkti tillöguna.

## **12. Skipulags og byggingarmál**

Rætt um skipulags og byggingarmál og samstarf sveitarfélaga á Vesturlandi um þessi verkefni. Framkvæmdastjóra var falið að taka saman minnisblað um stöðu mála á Vesturlandi varðandi þessi verkefni.

## **13. Verkefnið Stafræn þróun**

Sævar Freyr Þráinsson hefur sagt sig frá setu í Stafrænu ráði Sambands íslenskra sveitarfélaga, en hann hefur látið af störfum. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tilkynnt SSV að

samkvæmt erindisbréfi hópsins verða þeir sem skipaðir eru í ráðið annaðhvort að vera kjörnir fulltrúar eða framkvæmdastjórar sveitarfélaga. Stjórn SSV samþykkti að skipa Lindu B. Pálsdóttur sveitarstjóra í Hvalfjarðarsveit í Stafrænt ráð Sambands íslenskra sveitarfélaga.

#### **14. Framlögð mál**

- a. Fundargerð frá SASS, 595 fundur
- b. Fundargerð frá SSNE, 52 fundur
- c. Fundargerð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, 927 fundur

Fundi slitið kl. 12.58



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

## 176 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 23 ágúst kl.14.00 í Borgarnesi.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Sigurður Guðmundsson og Elín Gunnarsdóttir. Á Teams voru; Líf Lárusdóttir, Ragnar Sæmundsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson, Sigurbjörg Ottesen. Guðný Elíasdóttir og Júníana Óttarsdóttir boðuðu forföll. Auk þess sat Páll S. Brynjarsson fundinn og ritaði fundargerð. Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.14.00

### 1. Fundargerð frá 175 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 175 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

### 2. Öldrunarþjónusta á Vesturlandi

Rætt um verkefni félags- og vinnumálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins, „Förum alla leið – samþætt þjónusta í heimahúsum“. Stjórn SSV samþykkti að senda inn umsókn í verkefnið og bókaði eftirfarandi „Með hliðsjón af umræðu á opnum fundi á vegum SSV um samþættingu öldrunarþjónustu með fulltrúum sveitarfélaga og öðrum aðilum sem þjónusta eldri borgara á Vesturlandi, sem fram fór 14. ágúst s.l. samþykkir stjórn eftirfarandi. Stjórn SSV samþykkir að fela framkvæmdastjóra í samráði við vinnuhóp SSV um eflingu öldrunarþjónustu að senda inn umsókn í verkefnið „Förum alla leið – samþætt þjónusta í heimahúsum“.

### 3. Velferðarþjónusta á Vesturlandi

SSV barst erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað var eftir umsögn SSV um svæðisbundið samstarf sveitarfélaga um farsæld barna sbr. 5 gr. laga um farsæld barna. Vegna þessa stóð SSV fyrir fundi með fulltrúum sveitarfélaganna á Vesturlandi mánudaginn 14 ágúst s.l um farsæld barna og fleiri velferðarmál á Vesturlandi. Með hliðsjón af umræðu fundarins samþykkir stjórn SSV að leggja til að Vesturland verði sérstakt samstarfssvæði fyrir samstarf sveitarfélaga um farsæld barns.

Stjórn samþykkti einnig að fela framkvæmdastjóra að leggja fram tillögu að stofnun vinnuhóps til að kanna grundvöll fyrir frekara samstarfi á Vesturlandi um velferðarmál.

### 4. Úttekt á grundvelli fyrir auknu samstarfi í velferðarmálum á Vesturlandi

Framlögð kynning frá KPMG á verkefnistillögu sem snýr að því að kanna grundvöll fyrir auknu samstarfi og mögulega sameiginlegri þjónustu við börn og fjölskyldur á Vesturlandi. Markmið verkefnisins væri að greina núverandi stöðu, áskoranir og tækifæri í kjölfar lagabreytinga á barnaverndarþjónustu og fyrirhuguðum breytingum á skólþjónustu. Stjórn samþykkt að fela framkvæmdastjóra að kynna tillöguna fyrir sveitarfélögunum á Vesturlandi.



## **5. Eiginfjárstaða SSV**

Lagt fram minnisblað frá KPMG um eiginfjárstöðu SSV.

## **6. Samgöngumál**

Rætt um umsögn SSV um drög að Samgönguáætlun 2024-2038 og eftirfylgni með henni. Stjórn samþykkti eftirfarandi bókun. „ Stjórn SSV lýsir yfir mikilli óánægju með tillögu að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 eins og kemur skýrt fram í umsögn samtakanna sem send hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda. Stjórn er sérstaklega ósátt við framkvæmdáætlun næstu 5 ára. Vegna þessa samþykkir stjórn að fela framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með framkvæmdastjóra Vegagerðarinnar og boða þingmenn Norðvestur-kjördæmis til fundar.“

## **7. Sjálfbær atvinnuþróun á Vesturlandi**

Lagt fram tilboð frá KPMG í vinnu við áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands um sjálfbæra atvinnuþróun á Vesturlandi. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir endurskoðuð tilboði frá KPMG.

## **8. Skipulags- og byggingarmál**

Lagt fram minnisblað um þjónustu sveitarfélaga á Vesturlandi varðandi skipulags- og byggingarmál. Framkvæmdastjóra falið að kynna minnisblaðið fyrir sveitarfélögum á Vesturlandi.

## **9. Brunavarnir og starfsemi slökkviliða á Vesturlandi**

Lagt fram minnisblað um starf vinnuhóps um málefni slökkviliða á Vesturlandi.

## **10. Sameiningar sveitarfélaga**

Rætt um fyrirhugaða ráðstefnu um sameiningar sveitarfélaga. Framkvæmdastjóra falið að hefja undirbúning að ráðstefnunni og að hún fari fram síðari hluta októbermánaðar 2023.

## **11. Haustþing SSV 2023**

Lögð fram drög að dagskrá fyrir þingið, auk þess sem rætt var um vinnu við ályktanir og áætlanir. Stjórn samþykkti fyrirbyggjandi drög að dagskrá. Auk þess sem samþykkt var að fjölga vinnuhópum sem starfa fyrir og á þinginu sem fer fram í Reykholti 4 október s.k.

## **12. Fræðsluferð til Skotlands**

Lögð fram dagskrá fyrir fræðsluferð sveitarstjórnarfólks til Skotlands sem farin verður dagana 28 ágúst til 1 september n.k.

### **13. Úthlutun styrkja úr Landsáætlun**

Rætt um úthlutun styrkja úr landsáætlun til uppbyggingar innviða í þjóðgörðum og friðlýstum svæðum. Aðeins 4% af þeim 908 milljónum sem var úthlutað fer til Vesturlands. Stjórn samþykkti eftirfarandi bókun. „Stjórn SSV lýsir yfir áhyggjum sínum af skiptingu fjármagns á milli landshluta í úthlutun landsáætlunar til uppbyggingar innviða og náttúrverndar á ferðamannastöðum. Framkvæmdastjóra er falið að afla upplýsinga um hvernig staðið er að úthlutun og hver ber ábyrgð á umsóknum fyrir Vesturland.“

### **14. Starfsmannamál**

Rætt um starfsmannamál

### **15. Framlögð mál**

- Fundargerð 96 fundar stjórnar SSV
- Fundargerð 537 fundar stjórnar SASS
- Fundargerð frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundi slitið kl.15.20

# Fundargerð 455. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, föstudaginn 18. ágúst kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Alexandra Jóhannesdóttir og Björn Arnaldsson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2023 - 2301001HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 454. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 13. júní 2023 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

**2. Umhverfiseinkunnarkerfi fyrir skemmtiferðaskip - Environmental Port Index - Epi - 2302001HA**

Rætt um EPI vottunarkerfið sem Faxaflóahafnir hafa verið að notast við. Einnig lagt fram minnisblað frá Eflu, dags. 15. ágúst 2023, um mælaborð fyrir umhverfisástand hafna á Íslandi.

*Stjórn Hafnasambands Íslands fagnar þeim breytingum sem gerðar voru á hafnalögum síðastliðið vor varðandi heimildir hafna til að taka mið af umhverfisframmistöðu skipa í gjaldskrá, en bendir á að þær einskorðast eingöngu við þær hafnir sem falla undir 20 gr. hafnalaga. Tryggja þarf að þetta nýja ákvæði nái til allra rekstrarforma hafna þannig að allir hafnarsjóðir geti nýtt sér gjaldskrá sína að fullu til að hvetja til umhverfisvænni umferðar um sín hafnarsvæði með ívilnunum eða álögum.*

**3. Hafnafundur 2023 - 2211002HA**

Lögð fram drög að dagskrá hafnafundar sem haldinn verður í ráðstefnusal Hafrannsóknarstofnunar í Hafnarfirði 20. október 2023.

*Formanni falið að vinna áfram að undirbúningi m.v. umræður á fundinum.*

**4. Drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 - óskað umsagnar - 2307017SA - óskað umsagnar - 2307001HA**

Lögð fram til kynningar umsögn Hafnasambands Íslands um drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038.

*Formanni falið að fylgja umsögninni eftir á fundi með innviðaráðherra.*



5. **Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða - skipan svæðisráða o.fl. - 2308002HA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 16. ágúst 2023, um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða (skipan svæðisráða o.fl.), mál nr. S-132/2023.

Fundi var slitið kl. 13:00



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Borgarnesi 04.09 2023

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

**Efni: Haustþing SSV 2023**

Haustþing SSV 2023 verður haldið á Fosshótel Reykholti 4 október n.k. Dagskrá hefst kl.09.30 og er áætlað að þingið standi yfir til kl.18.00.

Þema þingsins verða menntamál.

Seturétt á haustþingi SSV eiga fulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi sem kosnir eru fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV. Á fundinum verða lagðar fram fjárhags- og starfsáætlanir fyrir SSV árið 2024. Þessar áætlanir verða sendar út til sveitarfélaganna fyrir þingið.

Virðingarfyllst

Páll S. Brynjarsson  
Framkvæmdastjóri SSV

Í ágúst 2023

## Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Nokkur umræða hefur verið á meðal eldri borgara um framtíð líkhúss bæjarfélagsins eftir að spurðist út að meirihluti bæjarstjórnar er ekki hlynntur áfram haldandi rekstri þess. Þau úr okkar aldurshópi og fleira fólk í samfélaginu, sem hefur kynnt sér málið, og hafa tjáð sig, eru á einu máli um að það yrði mikil afturför að loka húsinu og sækja þjónustuna í önnur bæjarfélög. Með þessari umfjöllun er ekki verið að setja út á þjónustu þeirra, sem við það starfa þar. Meiri reisn er yfir og virðing við þau, sem lögð eru upp í sína hinnstu för, að svona þjónusta sé í boði hér við sómasamlegar aðstæður. Ekki er hægt að segja að þær aðstæður séu fyrir hendi í okkar húsi, eins og málum er háttað nú, þar sem að viðhaldi hússins er mjög ábótavant. Það er ekki óeðlilegt að eldri borgarar hafi áhuga á þessum málaflokki, þar eð fólk í þeim aldurshópi er yfirleitt mjög umhugað um þessi mál, enda líður þá að ferðalokum á lífsins braut.

Á fundi Öldungaráðs, sem haldin var 29. ágúst var samþykkt samhljóða eftirfarandi áskorun til bæjarstjórnar.

*Öldungaráð skorar hér með á bæjarstjórn Snæfellsbæjar að láta fara fram endurbætur á líkhúsi bæjarins, sem fyrst og gera það þannig að sómi sé að fyrir bæjarfélagið. Mögulega væri þá hægt að bjóða aðstandendum að koma í húsið og eiga þar notalega kveðjustund með sínum nánasta, við boðlegar aðstæður.*

Fyrir hönd öldungaráðs

Ólafur H. Steingrímsson



Ágúst 2023

## Frá Öldungaráði

Öldungaráð kom saman 29. ágúst og á dagskrá var meðal annars að ræða svar við bréfi bæjarstjórnar frá 19. apríl s.l. Sjá bréf frá bæjarstjórn með tilvísunarnúmer 37014.

Að okkar mati ætti, í svona skoðanakönnun, að spyrja um hvar í bæjarfélaginu ætti að staðsetja íbúðir fyrir aldraða, er til dæmis nauðsynlegt að tengja þær dvalarheimilinu eða heilsugæslunni. Hverskonar íbúðir, þ.e. fjölbýli eða einbýli. Eiga þetta að vera íbúðir til leigu eða sölu. Sjálfsagt eru fleiri atriði, sem skipta máli, en að okkar mati er fólk, sem er hæfara en við í að móta svona spurningavagn, sem gætu lagt þessu lið. Að okkar mati ætti þetta að ná til allra íbúa í bæjarfélaginu 60 ára og eldri.

Markmið svona könnunar er að auðvelda bæjarstjórn að gera langtíma áætlun varðandi þennan málaflokk til að vinna eftir, með skoðun þeirra, sem munu njóta.

Það skal áréttað að erindi þetta var upphaflega sent til bæjarstjóra eftir ábendingar frá nokkrum í þessum aldurshópi, sem fannst vanta framtíðarsýn í þessum málaflokki, kannski er hún til, en ekki verið nægilega kynnt. Önnur leið en skoðanakönnun kemur að sjálfsgöðu til greina svo framarlega að þessi aldurshópur geti metið hvernig viðkomandi geti sem lengst verið á "sínu" heimili í heimabyggð.

Þetta svar er að mestu endurtekning á fyrra bréfi og betur getum við ekki gert.

Fyrir hönd öldungaráðs,

Ólafur H. Steingrímsson

## Til b ajarstj rnar Sn efellsb ajar

 g etu b ajarfulltr ar

S  astli i  haust s tti Hollvinaf lag Gamla Pakkh ssins um styrk til Uppbyggingarsj  s Vesturlands og var  thluta  kr. 300.000.-

F lagi  haf i það a  forgangsmáli s nu þegar lj st var a  f lagi  fengi styrk a  n ta hann til a  f  s rfr  ing til a  gera k nnun   munum safnsins og f  faglega s n   hva  þurfi a  vera   forgangi.

Fengum vi  Gu laugu Dr fn Gunnarsd ttur s rfr  ing   MA safnafr  i og MFA myndlist til a  gera  ttekt   s ningarr mi Pakkh ssins  samt sko un   geymsluh sn  i   Hellissandi.

Gu laug hefur n  kl ra  þ  vinnu ( eins og styrkurinn leyf i) og sent sk rslu um  ttektina sem vi  n  sendum til b ajarstj rnar. Vonum vi  a  sk rslan geti or i  b ajarfulltr um a  gagni þegar  kvar anir ver a teknar um framt i , uppbyggingu og rekstur Pakkh ssins.

Þa  skal teki  fram a  ennþ  er eftir a  kl ra a  fara yfir mi h  ina og efstu h  ina.

Hollvinasamt kunum þ tti v nt um a  f  uppl singar fr  b ajarstj rn um hva a verkefni eru n st    aetlun var andi rekstur Pakkh ssins og safnsins til a  h gt ver i a  s kja um frekari styrki.

 lafsv k, 29.  g st 2023

Jenn  Gu mundsd ttir

Ragnhei ur V glundsd ttir

# Pakkhúsið í Ólafsvík

## Varðveisla og hluti sýningar

Skýrsla og önnur störf unnin fyrir Hollvinafélag Pakkhússins sumarið 2023



Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir  
Sérfræðingur




Úttekt á sýningarrými Pakkhússins í Ólafsvík, ásamt punktum um „safngeymslu“ á Hellissandi. Unnið 24. – 26. maí 2023 að beiðni Hollvinafélags Pakkhússins. Safnkostur menningarminjasafns í Ólafsvík er geymdur að hluta til á sýningu í Pakkhúsinu í Ólafsvík og að hluta í geymsluhúsnæði á Hellissandi

### **Athugasemdir við aðbúnað í varðveisluhúsnæði á Hellissandi**

Ég náði að skoða varðveislurými á Hellissandi í frekar stuttan tíma en þar voru þrátt fyrir það mörg atriði sem var augljóslega ábótavant. Þau eru eftirfarandi:

- Engin umhirðuáætlun er til staðar og ekki hefur verið þrifið í rýminu í mjög langan tíma. Hreinlætisstig alls ekki viðunandi.
- Móttökurými vantar fyrir nýja muni.
- Dagbók um umgengni í rými vantar.
- Rykmottu vantar.
- Meindýravarnir vantar.
- Hita- og rakamæli vantar.
- Hillur á gólfi þurfa stamt undirlag (etafoam). Vantar varnir gegn falli úr hillum ef td. jarðskjálfti.
  - o Meðan umhverfi er eins og það er (skítugt og í samnýtingu með annarri starfsemi) væri lágmark að pakka öllum munum inn í viðeigandi efni til að draga úr skemmdum. Hillur þyrftu að vera með fallvörnum vegna jarðskjálfta.
  - o Tréhillur á vegg þyrftu að vera úr málm (ekki viði sem veldur efnahvörfum).
- Vinnuborð, lampa og aðstöðu til pakkninga, til hreinsunar, til ljósmyndunar, til skráningar, til rannsókna, til smíða ofl. vantar. Vinnuaðstaða til pökkunar, hreinsunar og skráningar þyrfti að vera aðskilið safnkosti.
- Merkingum á hillum er ábótavant – skortir nákvæmni eða jafnvel alfarið.
- Engir rekkar, rúllur eða hillur fyrir textíl – núverandi ástand óviðunandi fyrir flesta muni.
- Ummerki um mikinn utanaðkomandi vatnsleka – þarf að athuga upptök og laga.
- Mikið af óviðkomandi dóti og „drasli“ frá m.a. skólanum, áhaldahúsi ofl.
  - o Óþarfa umgangur er um húsið og samnýting með annarri starfsemi. Það er algjörlega óviðunandi fyrir varðveislurými.
- Munir og myndir liggja undir skemmdum í „efra rými“ vegna ryks og drullu en einnig vegna mikils leka við rör sem koma úr loftinu.
  - o Rándýrt efni til sérhæfðar pökkunar, sýrufríar öskjur og silkipappír, er að miklu leiti ónýtt eftir að hafa lent undir lekanum





Algjör óreiða og sóðaskapur í kringum safnmuni. Þetta er afleiðing óviðkomandi umgengni og samnýtingu við aðra óviðkomandi starfsemi.

Í varðveisluhúsnæði þarf að lágmarka umgengni eins og hægt er til að lágmarka álag og umhverfisáhrif á safnkostinn.











### **Athugasemdir við aðbúnað og ástand sýningar í Pakkhúsinu**

Mestum tíma var varið við úttekt, þrif, þökkun og lagfæringar á annarri hæð sýningar í Pakkhúsinu í Ólafsvík. Í raun má segja að náðst hafi að gera mjög miklar breytingar á þeim stutta tíma sem var til reiðu. En tilgangur þessara tilfæringa og þrifa var, fyrir utan það að lengja líftíma muna á sýningunni, að sýna fram á smá dæmi um hvað hægt væri að gera fyrir safnið með viðeigandi faglegri aðkomu. Ekki náðist að taka út hluta sýningarinnar á þriðju hæð, ásamt afgangnum af annarri hæð, enda takmarkaður tími.

Sýningin í Pakkhúsinu hefur staðið í mjög langan tíma. Á þeim tíma hefur hún ekki verið þrifu né yfirfarin af forverði né öðrum fagaðila. Það sést á meðfylgjandi myndum og punktum. Flugur og ryk eru/voru áberandi. Einnig eru flestir gluggar óþéttir með þeim afleiðingum að raki og fúu hefur fengið frítt spil. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við ástand og aðbúnað sýningar á annarri hæð og þeim munum sem hún geymir:

- Engin umhirðuáætlun er til staðar og ekki hefur verið þrifið í rýminu í mjög langan tíma. Hreinlætisstig alls ekki viðunandi. Mikið ryk og flugur.
- Dagbók um umgengni í rými vantar.
- Rykmottu vantar.
- Meindýravarnir vantar að mestu og reglulegt eftirlit með þeim.
- Hita- og rakamæli vantar.
- Of mikið af munum á sýningunni við óviðunandi varðveisluaðstæður.
- Vantar UV filmur í rúður ef ekki á að byrgja glugga gegn sólarskemmdum.

- Einfalt gler er í rúðum og vöntun á einangrun í gluggafólsum – ryk og skordýr eiga mjög greiðan aðgang, ásamt hitasveiflum sem eru meiri vegna þessa. Engar UV filmur í rúðum.
  - o Það þarf að skipta út gluggum á nokkrum stöðum og setja tvöfalt gler í þá alla. Einangra þarf betur gegn umhverfismengun; ryki, skordýrum, loftmengun, hita- og rakabreytingum og dagsljósi.
- Merkingum á munum er oft ábótavant hvað varðar aðfanganúmer sem vantar stundum alveg. Oft eru númer á munum (merkimiðum) afmáð vegna merkinga sem hafa upplitast.
- Skemmdir eftir ófullnægjandi efni eins og kennaratyggjó og límband.
- Margir munir eru á gólfi og því berskjaldaðir fyrir hnjaski og mengun.

Hér að neðan má sjá ummerki eftir raka, ryk og skordýr á sýningunni:







Yfirborðslegar úrbætur voru unnar á hluta sýningarinnar 24. – 26. maí, með það að markmiði að minnka álag á muni og sýna fram á kosti faglegs starfs þegar kemur að sýningargerð og varðveislu safnkosts. Þrif á munum, þökkun og tilfærsla á sýningu var framkvæmt eins og tími gafst til. Sjá má eftirfarandi breytingar á meðfylgjandi myndum.



Fyrir



... og eftir

Myndir fyrir hreinsun og breytingar:












Myndir eftir hreinsun og breytingar:











## Kristinn Jónasson

---

**From:** Veronica Osterhammer <brimilsvellir@isl.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 24. ágúst 2023 10:47  
**To:** Kristinn Jónasson  
**Subject:** ágangfé

Sæll Kristinn

ég vil tilkinna ágangsfé í bjarggirðinguni hjá mér 2 kindur með lömbum. óska eftir að þær verði reknar úr mínu landi sem fyrst. og að Bæjarstjórn verði tilkint um það svo að það sé haldið utan um ágangsfé.

Gunnar Tryggvason

Brimilsvöllum

--

Brimhestar

Veronica Osterhammer & Gunnar Tryggvason Brimilsvellir

IS-356 Snæfellsbær

<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.brimhestar.is%2F&data=05%7C01%7Ckristinn%40snb.is%7C5566d0258f2d4f5df32408dba48f6bdb%7C03ad0e8913b648c1a61b07a9dce31f05%7C0%7C0%7C638284708112914238%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMziiLCJBTiI6Iik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=w0sfo9oBjZuUikLFAMFHpsL%2FNI%2BByoE6LrBooVeVgyQ%3D&reserved=0>  
brimilsvellir@isl.is





Snæfellsbær  
Klettsbúð 4  
360 Snæfellsbær

Stykkishólmi, 25. ágúst 2023  
nr. erindis 2302001

Á 13. fundi bæjarráðs 21. ágúst 2023 var tekið fyrir neðangreint erindi:

#### Ágangur búfjár

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga um stjórnýslufráfarir sem tengist ágangi búfjár skv. IV. kafla laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, ásamt leiðbeiningum þáverandi Samgöngu- og Sveitarstjórnarráðuneytis til sveitarstjórna um hvernig skyldi fara með beiðnir um smölun skv. IV. kafla laganna og álit Umboðsmanns Alþingis frá 11. október 2022 þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu að taka þyrfti fyrrgreindar leiðbeiningarnar til endurskoðunar þar sem ekki væri unnt að gera þær kröfur til landeiganda að þeir friði landsvæði sitt skv. ákvæðum laga um búfjárhald ef þeir væru ósáttir við ágang búfjár á landareign sinni. Þá er jafnframt lagður fram úrskurður Dómsmálaráðuneytisins sem byggði á áliti umboðsmanns þar sem gerð var krafa til lögreglustjóra að sinna slíkum beiðnum um smölun eignarlanda kæmu þær fram.

Á 919. fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti stjórnin að sambandið myndi eiga frumkvæði að því að koma á fundi milli fulltrúa innviðaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, matvælaráðuneytis, bændasamtakanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga til þess að koma á samráðshópi um heildarendurskoðun á lögum um fjallskil, afréttarmálefni og tengdri löggjöf. Bæjarráð vísaði málinu, á 8. fundi sínum, til umfjöllunar í landbúnaðarnefnd.

Á 9. fundi bæjarráðs var málið tekið upp að nýju og tók þá bæjarráð undir ályktun Sambands íslenskra sveitarfélaga og stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, en lagði þunga áherslu á mikilvægi þess að flýta vinnu við endurskoðun á lögum um fjallskil, afréttarmálefni og tengdri löggjöf þar sem núverandi staða sé óboðleg og nauðsynlegt er að eyða óvissu um þessi málefni sem fyrst.

Þá er lögð fram bókun 173. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi þar sem stjórn skorar á matvælaráðuneytið að hefja nú þegar endurskoðun á lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. til að eyða þeirri óvissu sem er varðandi framkvæmd smölunar ágangsfjár.





Að lokum er lagt fram bréf Bændasamtaka Íslands, dags. 6. júlí 2023, um lausagöngu/ágang búfjár.

Landbúnaðarnefnd tók málið fyrir á 1. fundi sínum þann 12. júlí síðastliðinn og er stefnumörkun nefndarinnar lögð fram til samþykktar í bæjarráði.

**Afgreiðsla bæjarráðs:**

*Bæjarráð samþykkir stefnumörkun landbúnaðarnefndar. Bæjarráð samþykkir að samþykktin verði send á sveitarfélögin á Snæfellsnesi.*

**Þetta tilkynnist hér með.**

Virðingarfyllst,

Jakob Björgvin Sigmundarson Jakobsson,  
bæjarstjóri.



**Meðfylgjandi er stefnumörkun Landbúnaðarnefndar.**

# Landbúnaðarnefnd

12.07.2023

Landbúnaðarnefnd telur að túlkun Umboðsmanns Alþingis, varðandi samspil laga um búfjárhald og laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., þ.e. að ákvæði laga um búfjárhald um heilmild til friðunar tiltekinnar landareignar gæti ekki valdið því að ákvæði laga um afréttarmálefni fjallskil o.fl. væri vikið til hliðar, sé vel rökstudd og sannfærandi. Bendir landbúnaðarnefnd hins vegar á að umboðsmaður tekur enga efnislega afstöðu til þess hvort ágangur búfjár hafi verið að ræða í því tilviki sem var andlag umræddrar kvörtunar eða hvenær almennt er um að ræða ágang búfjár í heimaland í skilningi 33. gr. laga nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., enda var athugun umboðsmanns afmörkuð við umrædda lagatúlkun/lögskýringu og ekki er að finna í álitinu umfjöllun um efnislega túlkun á 33. gr. laga um afréttarmálefni fjallskil o.fl. Er þannig ekki að sjá að að álit umboðsmanns hafi breytt réttarstöðu hvað varðar ágangsfé í heimalönd að öðru leyti. Vísar landbúnaðarnefnd að til álits umboðsmanns í þessu sambandi.

Um skyldu sveitarfélaga til smölunar á ágangsfé er fjallað í ákvæði 31. og 33. gr. afréttarlaga. Ákvæði 31. gr. á við um ágang búfénaðar úr afrétti í heimahaga en ákvæði 33. gr. á við um ágang búfénaðar úr einu heimalandi yfir í annað. Ákvæði 1. mgr. 33. gr. laganna kveður á við um tvennskona tilvik þar sem ágangsfénaður sækir úr einu heimalandi í annað. Annars vegar er um að ræða ágang sem stafar af búfé sem vanrækt hefur verið að reka á fjall eftir fyrirmælum fjallskilasamþykktar og hins vegar ágang sem stafar af búfé sem heimilt er að hafa í heimahögum. Ákvæði 33. gr. laganna á við um beiðni til smölunar ágangsfjár í sveitarfélaginu, þar sem ekki liggur fyrir skilgreindur afréttur á svæðinu.

Samkvæmt 3. gr. laga um afréttarmálefni fjallskil o.fl. skal í fjallskilasamþykkt kveðið á um ytri mörk fjallskilaumdæmis, skiptingu umdæmis í fjallskiladeildir, réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitslanda, fjallskil og smalanir heimalanda vor og haust, svo og um öll önnur atriði er að framkvæmd fjallskila lúta. Fjallskilasamþykktir eru þannig til fyllingar fjallskilalögnum og eru settar til nánari útfærslu efnisatriðum samkvæmt heimildum í lögnum. Ljóst er að löggjafinn hefur með lagasetningu veitt stjórnnum fjallskilaumdæma rúmt svigrúm til að skipa málum innan umdæmisins eftir því sem þykir best út frá staðháttum og þróun fjallskila og að eftirláta fjallskilasamþykkt að útfæra einstök efnisatriði í þessu sambandi.

Landbúnaðarnefnd telur rétt í þessu sambandi að vekja athygli á því að í 4. másl. 1. mgr. 33. gr. afréttarlaga segir: „Stafi ágangur hins vegar af búfé, sem heimilt er að hafa í heimahögum, ber sveitarstjórn að láta smala ágangsfénaði og reka þangað, sem hann á að vera, á kostnað eiganda, nema annað sé ákveðið í fjallskilasamþykkt.“ Þannig má ætla að löggjafinn hafi kveðið á um að fjallskilasamþykkt getur kveðið á um annan málalíbúnað í þessu sambandi en þær sem ákvæðið gerir ráð fyrir. Þannig bendir landbúnaðarnefnd á að í 32. gr. fjallskilasamþykktar fyrir umdæmi sýslumanns Snæfellinga, sem er gildandi samþykkt fyrir sveitarfélagið, segir: „Enginn má í heimildarleysi reka eða sleppa sauðfé eða hrossum í annarra manna lönd. Valdi slíkur fénaður ágangi á afgirt ræktarlönd er eiganda skylt að koma honum í örugga vörslu, þannig að komið sé í veg fyrir frekari ágang eða tjón.“ Ef 1. og 2. másl. eru lesnir saman þá má ætla, samkvæmt orðanna hljóðan,



að eiganda eða umráðamanni sé einungis skyld að bregðast við þegar fé í heimildarleysi er rekið eða sleppt á annarra manna lönd og það fé sé að valda ágangi á afgirt ræktarlönd. Þannig mætti gagnálykta að einungis sé eigenda fénaðar skylt að bregðast við þegar slíkum fénaði hafi verið sleppt í heimildarleysi og sá fénaður sé að valda ágangi á afgirt ræktarland. Þá mætti skýra ákvæðið þannig að með afgirtu ræktarlandi sé um að ræða fjárhelda girðingu, sbr. hér fyrir neðan. Hvernig sem umrætt ákvæði er túlkað er ljóst að um þarf að vera afgirt ræktarland, samkvæmt fjallskilasamþykkt. Þá er einnig kveðið á um það í 32. gr. fjallskilasamþykktar að eiganda er skylt að koma fé í örugga vörslu, en „sinni eigandi eða umráðamaður því engu eða aðeins til málamynda skal tjónþoli tilkynna það viðkomandi sveitarstjórn eða eftir atvikum viðkomandi sýslumanni/lögreglu sem fjarlægir fénaðinn á kostnað eiganda.“ Þannig virðist vera gengið út frá því í fjallskilasamþykkt að málið komi ekki inn á borð sveitarstjórnar fyrr en ljóst sé að eigandi sinni því engu eða aðeins til málamynda. Erfitt er að túlka það með öðrum hætti en að landeigandi beri sjálfur að sannreyna hver sé eigandi á umræddu fé á hans landi og hafa upp á eigenda þess með ósk um að slíkum fénaði sé komið í örugga vörslu og að eigandi verði að sinna því í engu eða til málamynda áður en málið sé tilkynnt af hálfu landeiganda til sveitarfélagsins.

Landbúnaðarnefnd bendir einnig á að fjallskilasamþykkt kveður á um smölun ágangsfjár á „afgirt ræktarlönd“ og því megi halda því fram að þar sé átt við að girðingar um land jarða séu skepnuheldar og ef engar girðingar séu af landi jarðar eða þær ekki fjárheldar, er sé hugsanlegt að slík skylda hvíli ekki á höndum sveitarfélagsins til smölunar. Þá er sérstaklega kveðið á um ræktarlönd í fjallskilasamþykkt, en með gagnályktun mætti segja að sveitarfélagið sé einungis skylt að smala ræktarlönd. Þá má einnig vel halda því fram að landeigendum beri að horfa til þess að verja sitt land, sbr. niðurstaða Landsréttar hér fyrir neðan, og koma í veg fyrir meint tjón. Samkvæmt fjallskilasamþykkt verður ekki annað séð en að rannsaka þurfi hvort sauðfé sé innan ræktarlanda og hvort þau ræktarlönd séu afgirt, áður en sveitarfélagið gæti gripið til ráðstafana. Gæti jafnframt verið þörf á að taka út umræddar girðingar til að sannreina að vörslugildi girðingarinnar teljist vera fullnægjandi, þ.e. að hún sé fjárheld.

Framangreind atriði úr fjallskilasamþykkt benda öll til óvissu um túlkun á umræddum lagagrunni og skilningi á gildandi fjallskilasamþykkt. Þar sem nokkur sveitarfélög eru aðilar að gildandi fjallskilasamþykkt telur landbúnaðarnefnd nauðsynlegt að sveitarfélögin ræði innbyggðist um túlkun á gildandi fjallskilasamþykkt til að tryggja samræmda túlkun á samþykktinni.

Landbúnaðarnefnd tekur undir með Sambandi íslenskra sveitarfélaga (SÍS) um að mikilvægt sé að hafa í huga að ákvörðun um beiðni um smölun gegn álagningu þjónustugjalds gagnvart eigenda umrædds sauðfjár er íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun gangvart þeim sem eiga umrætt sauðfé. Því sé ljóst að verði tekin ákvörðun um smölun af hálfu sveitarfélagsins er mikilvægt að framkvæma slíka smölum með eðlilegum hætti á grundvelli meginreglu stjórnvaldsákvæða (m.a. rannsóknarskyldu, meðalhóf og jafnræði) og þyrfti undirbúnings við og nokkurn aðdraganda áður en smalað yrði. Landbúnaðarnefnd er sammála SÍS um að ekki séu fyrir hendi skýr lagaákvæði eða stjórnvaldsfyrirmæli um hvenær sveitarstjórn á að smala meintu ágangsfé. Að öðru leyti er vísað til fyrirliggjandi minnisblaðs.



Landbúnaðarnefnd vísar einnig til fyrirbyggjandi álits Bændasamtaka Íslands, en samkvæmt því áliti verður ekki annað séð en að mjög takmörkuð skylda hvíli á sveitarfélögum til smölunar á ágangsfé. Þannig er óhætt að fullyrða að málefnið sé mjög umdeilt. Það gerir viðfangsefnið flókið og krefst þess enn frekar að viðhafður verði vandaður undirbúningur að ákvörðunum sveitarfélagsins varðandi smölun ágangsfjár.

Landbúnaðarnefnd telur skynsamlegt að sveitarfélagið bíði eftir leiðbeinandi áliti frá matvælaráðuneyti, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. forsetaúrskurðar nr. 31/2022, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, og 3. mgr. 12. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, eða eftir atvikum innviðaráðuneytinu snúi það að stjórnáslu og verkefnum sveitarfélaga, sbr. 7. gr. sömu laga, varðandi skilgreiningar og leiðbeiningu á mikilvægum atriðum sem enn ríkir óvissa um, s.s. réttarstöðu aðila, hvað teljist verulegur ágangur búfjár, hvernig standa skuli að fyrirkomulagi á smölun ágangsfjár, hverjir eru aðilar máls samkvæmt stjórnáslulögum, óvissu um ástand girðinga eða hvort land þurfi að vera afgirt, tíðni smölunar, hvort sveitarfélagið beri ábyrgð ef sauðfé slasast við smölum, hugsanlegar hindranir í fjallskilasamþykkt varðandi smölun á öðrum tíma en fram kemur í samþykktum, skilgreiningu á ágangi búfjár og fleiri veigamiklum atriðum. Einnig hvaða heimildir sveitarfélag hafa til sértækra skilgreininga og/eða takmarkana í fjallskilasamþykkt.

Landbúnaðarnefnd telur að það skipti máli við ákvörðunartöku sveitarfélaga að þyngjandi ákvarðanir séu ekki teknar nema skýrar heimildir séu fyrri því í lögum. Landbúnaðarnefnd telur í raun að sveitarfélaginu sé ákveðinn vandi á hönnum við að setja reglur á málefnalegum grunni og gæta að málsmeðferðarreglum stjórnáslulaga, þ.m.t. um meðalhóf, rannsóknarskyldu og andmælarétt, fyrr en ofangreindar leiðbeiningar frá ráðuneyti liggja fyrir enda mikilvægt að skilgreiningar á þessum atriðum séu fyrirbyggjandi og skýrar áður en unnt er að taka afstöðu um viðbragð og verklag vegna smölunar ágangsfjár í sveitarfélaginu. Ljóst er hins vegar að sveitarfélög eru sjálfstæð og staðbundin stjórnvöld sem ráða málefnum sínum sjálf eftir því sem lög ákveða, sbr. 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar. Á meðan engar leiðbeiningar liggja fyrir, t.d. óbindandi álit matvælaráðuneytisins, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, er gengið út frá því að sveitarfélög þurfi hvert og eitt að grípa til túlkana og mynda sér afstöðu á umræddum lagagrundvelli og setja sér verklagsreglur í þessum efnum eða taka formlega ákvörðun um að bíða eftir umræddum leiðbeiningum. Það er með öðrum orðum í höndum sveitarfélaga að haga framkvæmd þeirra verkefna sem þeim er falið að sinna samkvæmt lögum með skilvirkum og vönduðum hætti á grundvelli meginreglu sveitarstjórnarréttar um ábyrga fjármálastjórn og í samræmi við vandaða stjórnásluhætti. Því þarf sveitarfélagið að mynda sér sjálfstæða afstöðu til málsins.

Landbúnaðarnefnd leggur áherslu á mikilvægi þess að liggja ljóst fyrir hvort og með hvaða hætti sveitarfélagið eigi að bregðast við erindum áður en ákvarðanir verði teknar, enda hvíli á sveitarfélögum rík skylda til að gæta að málsmeðferðarreglum stjórnáslunnar, þ.e. gæta að meðalhófi, jafnræði, andmælarétti o.s.frv. Þá ber sveitarfélaginu jafnframt að taka afstöðu til einstakra erinda, en þó þarf að afla í því skyni fullnægjandi gagna, sbr. 10. gr. stjórnáslulaga og óskráða meginreglu stjórnásluréttar um rannsóknarskyldu stjórnvalda. Þá er um að ræða mál sem felur í sér óvenjulega mikið nýnæmi í ljósi nýrra sjónarmiða um túlkanir á lögum og óskýrleika vegna þeirra, þó svo að umboðsmaður Alþingis hafi skýrt einn afmarkaðan hluta þeirra. Þau eru jafnframt stuttur og þannig opin til túlkunar, tæknilega flókin og vandasöm á annan hátt. Margt er því óljóst

og töluverð óvissa liggur fyrir. Mikilvægt er fyrir vandaða stjórnýslu að það liggi fyrir hvort og þá hvernig sveitarfélög eigi að bregðast við með sérstöku verklagi þar um. Landbúnaðarnefnd leggur þannig áherslu á að vandað sé til verka og ekki sé gripið til ráðstafana á veikum lagagrunni eða á lagagrunni sem ágreiningur liggur fyrir um túlkun, a.m.k. ekki fyrr en sveitarfélagið hafi lokið við vinnu við gerð verklagsreglna við hvaða aðstæður smalað verði eða að það liggi fyrir skýrari línur um þessi málefni frá ráðuneytum eða Alþingi. Þá þurfi þau sveitarfélög sem aðild eiga að gildandi fjallskilasamþykkt sveitarfélagsins að ræða innbyggðist um túlkun á gildandi fjallskilasamþykkt til að tryggja samræmda túlkun á samþykktinni. Landbúnaðarnefnd leggur þannig áherslu á mikilvægi þess að það liggi ljóst fyrir hvort og með hvaða hætti sveitarfélagið eigi að bregðast við erindum áður en ákvarðanir verði teknar, enda hvíli á sveitarfélögum rík skylda til að gæta að málsmeðferðarreglum stjórnýslunnar. Á þeim grunni telur landbúnaðarnefnd rétt að fresta afgreiðslu einstakra erinda um beiðni um smölum á ágangsfé á meðan unnið er að gerð verklagsreglna eða leiðbeininga, hvort sem er hjá sveitarfélaginu eða ráðuneytum, eða þar til heildarendurskoðunar á lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. hefur farið fram eða leiðbeinandi reglur verði gefnar út, enda þarf að eyða óvissu hvað þessi mál varðar þannig að ákvarðanir sveitarfélagsins byggji á traustum grunni og að stjórnvaldsákvarðanir séu í samræmi við lög og reglur og vandaða stjórnýsluhætti.

Með vísan til alls framanritaðs eru því beiðnir um smölun ágangsfjár að mati landbúnaðarnefndar ekki tækar til efnislegrar afgreiðslu af hálfu sveitarfélagsins á þessum tímamarki. Landbúnaðarnefnd áréttar að með þessu eru sveitarfélagið í raun ekki að skorast undan ávörðunartöku (taka afstöðu til einstakra erinda), heldur að viðhafa vandaða stjórnýsluhætti.

Landbúnaðarnefnd vekur að lokum athygli á að sveitarfélagið hefur ekki lagt bann við lausagöngu búfjár með sérstakri samþykkt, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 103/2002, en samkvæmt 50. gr. vegalaga nr. 80/2007 er lausaganga búfjár þó bönnuð á stofnvegum og tengivegum í sveitarfélaginu þar sem girt er báðum megin vegar. Í þessu sambandi bendir Landbúnaðarnefnd á að í niðurstöðu dóms Landsréttar nr. 268/2020 þar sem eftirfarandi kemur fram í niðurstöðu réttarins varðandi samskip lausagöngu búfjár og eignarrétt: „Hafi viðkomandi sveitarstjórn ekki samþykkt bann við lausagöngu búfjár verða fasteignaeigendur því sjálfir að hlutast til um að verja fasteign sína ágangi búfjár. Um er að ræða almenna takmörkun eignarréttinda sem á sér skýra stoð í lögum og felur í sérfrávik frá rétti eiganda til að leita ásjár opinberra aðila til verndar eign sinni.“

Landbúnaðarnefnd vill hvetja til samtals, samhygðar, umburðarlyndis og skilnings í sveitarfélaginu á ólíkum aðstæðum og skyldum allra þeirra sem málið varðar.





Stjórnarráð Íslands  
Innviðaráðuneytið

stjornarradid.is

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 5. september 2023

Tilv.: IRN23090010/4.5

Efni: Hvatning til sveitarstjórna um mótun málstefnu

Athygli innviðaráðuneytisins hefur verið vakin á því að fá sveitarfélög hafi sett sér málstefnu í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga þar um.

Því miður benda gögn ráðuneytisins til að þessi ábending eigi við rök að styðjast.

Af því tilefni vekur ráðuneytið athygli sveitarstjórnarinnar á 130. gr. sveitarstjórnarlaga um málstefnu sveitarfélaga.

Þar segir:

Sveitarstjórn mótar sveitarfélaginu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt táknmál. Þar skal koma fram að öll gögn liggi fyrir á íslensku svo sem kostur er og gerð grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu. Þar skulu settar reglur um notkun íslensks táknmáls og íslensks punktaleturs í gögnum og starfsemi sveitarfélagsins. Enn fremur skal koma fram hvaða gögn liggja að jafnaði fyrir í erlendum málbúningi og hvaða tungumál þar er um að ræða. Þá skal þar setja reglur um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á annarri tungu en íslensku.

Mál það sem er notað í starfsemi sveitarfélags eða á vegum þess skal vera vandað, einfalt og skýrt.

Með hliðsjón af ofangreindu ákvæði sveitarstjórnarlaga hvetur ráðuneytið sveitarstjórnina til að ýta úr vör vinnu við málstefnu sveitarfélagsins sé slík stefna ekki fyrir hendi. Þá stendur ekkert í vegi fyrir því að sveitarfélög taki sig saman um mótun grundvallarstefnu af þessu tagi.

Sérstök athygli er vakin á skyldu sveitarstjórna til þess að setja sveitarfélögum reglur um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á annarri tungu en íslensku. Ljóst er að í fæstum tilvikum liggja slíkar reglur fyrir jafnvel þó hátt hlutfall íbúa sé af erlendum uppruna.

Aðalsteinn Þorsteinsson

Fyrir hönd ráðherra

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir





## Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Snæfellsbær, 5. september 2023

Eftir er að samþykkja nýja gjaldskrá leikskólagjalda sem tekur tillit til lokunar leikskólans kl. 14:00 á föstudögum. Afgreiðslu gjaldskrárinnar var frestað í bæjarráði og er nú lögð fyrir aftur.

### Útskýringar með nýrri tillögu að leikskólagjöldum:

Ef miðað er við 4 vikur í mánuði að meðaltali, þá eru leikskólagjöld pr. klt. í Snæfellsbæ kr. 200.-

- Það gerir mánaðarlegan afslátt fyrir föstudaga fyrir barn í 7 klt. vistun kr. 800.- á mánuði og því fer mánaðargjald úr kr. 28.000.- niður í kr. 27.200.-
- Það gerir mánaðarlegan afslátt fyrir föstudaga fyrir barn í 8 klt. vistun kr. 1.600.- á mánuði og því fer mánaðargjald úr kr. 32.000.- niður í kr. 30.400.-

Síðdegiskaffi er drukkið eftir kl. 14:00 á daginn og því er gert ráð fyrir afslætti þar líka, enda einungis börn í 7 og 8 tíma vistun sem nýta sér það.

- Daglegt gjald fyrir síðdegiskaffi er kr. 130.- og því verður afslátturinn kr. 520.- fyrir mánuðinn og fer gjaldið úr kr. 2.600.- niður í kr. 2.080.-

**bæjarritari**





## GJALDSKRÁ fyrir leikskólagjöld í Snæfellsbæ

*Gildir frá 1. ágúst 2023*

### 1. gr.

#### **Dvalargjald:**

Grunngjald fyrir hvert auka korter að dvalartíma loknum.....	1.000 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 4 klt. á dag.....	16.000 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 5 klt. á dag.....	20.000 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 6 klt. á dag.....	24.000 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 7 klt. á dag (08:00 – 15:00).....	27.200 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 8 klt. á dag.....	30.400 kr.

Mánaðargjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af mánaðargjaldi.

#### **Fæðisgjald:**

Morgunmatur.....	2.600 kr.
Hádegismatur.....	5.250 kr.
Síðdegiskaffi.....	2.080 kr.
Fullt fæði.....	10.450 kr.

Fæðisgjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af fæðisgjaldi nema barn sé fjarverandi í lengri tíma en 4 vikur samfelt. Afslátt af fæðisgjaldi skal undantekningarlaust ræða við leikskólastjóra.

### 2. gr.

#### **Afslættir af dvalargjald:**

Einstæðir foreldrar og námsmenn.....	40%
Systkinaafsláttur, 2. barn.....	50%
Systkinaafsláttur, 3. barn.....	100%

Afsláttur til námsmanna gildir ef báðir foreldrar eru skráðir í fullt nám og ljúka a.m.k. 75% af fullu námi. Afsláttur reiknast frá því að vottorð um skólavist er lagt fram. Ljúki ekki báðir foreldrar 75% af fullu námi, fellur afsláttur niður.

Systkinaafsláttur er á milli leikskóla og heilsdagsskóla. Hæsti afsláttur reiknast af lægsta dvalargjaldinu. Afsláttur reiknast eingöngu af heilu dvalargjaldi, ekki af kortersgjaldi, fæði eða öðrum gjöldum.

### 3. gr.



Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 27. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 8. júní 2023. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. ágúst 2023 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá leikskóla Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. janúar 2023.

**Snæfellsbær, 7. september 2023**

**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**



## Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

**Snæfellsbær, 5. september 2023**

### **Varðandi: vinnutímastytting í leikskóla Snæfellsbæjar**

Þegar leikskólinn opnaði aftur eftir sumarfrí var farið í helming af kjarasamningsbundinni vinnutímastyttingu leikskólakennara, þ.e. leikskólanum er lokað kl. 14:00 á föstudögum sem gefur 2 klt. á viku. Styttingin er þvert á starfsmenn, óháð kjarasamningum, þrátt fyrir það að full stytting sé einungis kjarasamningsbundin í samningum leikskólakennara.

Enn er eftir að uppfylla hinn helming styttingarinnar fyrir leikskólakennara, þ.e. þá starfsmenn sem taka laun skv. kjarasamningum KÍ. Þetta þyrfti að fara í sem fyrst þar sem styttingin er kjarasamningsbundin. Því þyrfti að ræða hvernig sú stytting ætti að fara fram og jafnframt hvort sú stytting eigi að ná bara yfir leikskólakennara eða hvort hún ætti að gilda fyrir alla. Leikskólastjórnarnir hafa talað um að þeir myndu helst kjósa að sama fyrirkomulag gildit fyrir alla frekar en að skipta starfsmannahópnum í tvennt, þó kjarasamningar geri í raun ráð fyrir því. Þær hafa jafnframt komið með eftirfarandi hugmyndir:

- 1) Loka kl. 14:00 á föstudögum (þegar komið í framkvæmd) – 11,5 dagar á ári,
- 2) Loka á Þorláksmessu þegar sá dagur er á virkum degi – 1 dagur á ári,
- 3) Vetrarfrí í leikskólanum á sama tíma og í grunnskólanum – 4 dagar á ári,
- 4) Afgangurinn af styttingunni, 4,5 dagur á ári, yrði útfærður á annan hátt, t.d. með frí sem yrði í samráði milli stjórnenda og starfsmanna á dögum sem minna álag er, t.a.m. á dögum milli jóla og nýárs, eða öðru hvor megin við sumarfrí.

Þessu máli var frestað á síðasta bæjarstjórnarfundum í júní, hefur verið rætt í bæjarráði, en engin ákvörðun hefur verið tekin enn.

**Bæjarritari**

